FRÉTTABLAÐIÐ
228. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 1. OKTÓBER 2019



Útför Jacques Chirac, fyrrverandi forseta Frakklands, sálumessa að kaþólskum sið, var gerð frá kirkjunni Saint-Sulpice í París í gær. Chirac naut vinsælda og virðingar sem forseti Frakklands. Leiðtogar og fyrrverandi leiðtogar frá tugum ríkja sóttu útförina. Þannig voru Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, Vladimír Pútín Rússlandsforseti, Albert prins af Mónakó og Tamim bin Hamad Al Thani, emír Katars, í hópi gesta. Frú Vigdís Finnbogadóttir var við útförina fyrir hönd forseta Íslands og íslensku þjóðarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Ábending um hvarf Geirfinns er enn til rannsóknar í Eyjum

**Settur ríkissaksóknari vísaði ábendingu um afdrif Geirfinns Einarssonar til frekari rannsóknar og meðferðar hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum. Þar er málið enn og unnið að gagnaöflun. Teknar voru skýrslur af tveimur vitnum 2016 um meinta atburði í Vestmannaeyjum daginn eftir hvarf Geirfinns í Keflavík.**

**LÖGREGLUMÁL** Halla Bergþóra Björnsdóttir, settur ríkissaksóknari, sem falið var fyrr á árinu að taka afstöðu til rannsókna á tveimur ábendingum varðandi afdrif Guðmundar og Geirfinns Einarssona, hefur vísað ábendingu um hvarf Geirfinns til frekari rannsóknar hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum.

„Málið er enn í rannsókn,“ segir Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum. Rannsóknin sé tafsöm vegna þess hve gamalt málið er en gagnaöflun standi yfir. Hún vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti.

Ábendingin kom frá manni sem bar að hafa séð þrjá menn koma á smábáti til hafnar í Vestmannaeyjum 20. nóvember 1974, daginn eftir að Geirfinnur hvarf í Keflavík. Tveir þeirra hafi leitt þann þriðja á milli sín sem hafi verið máttfarinn og virst rænulítill.

Þeir hafi komið inn í verbúð þar sem sjónarvotturinn var staddur og dvalið þar dágóðan tíma í lokuðu herbergi með leyfi kokksins í mötuneyti fyrirtækisins, þar til þeir gengu aftur sömu leið til hafnar og um borð í trilluna.

**Ábendingin kom frá manni sem bar að hafa séð þrjá menn koma á smábáti til hafnar í Vestmannaeyjum 20. nóvember 1974, daginn eftir að Geirfinnur hvarf í Keflavík. Tveir þeirra hafi leitt þann þriðja á milli sín og hafi sá verið máttfarinn og virst rænulítill.**

Nokkru síðar hafi trillan aftur komið að bryggju og mennirnir tveir stigið frá borði. Þann máttfarna hafi hann ekki séð aftur. Mennina tvo hafi hann ekki séð aftur fyrr en nærri tveimur áratugum síðar austur á landi þar sem annar þeirra hafi verið að vinna í tengslum við lagningu háspennulínu fyrir Landsvirkjun.

Lögregla tók skýrslu af manninum og fyrrverandi sambýliskonu hans sem bar um líflátshótun sem þeim hefði borist símleiðis eftir umrædda atburði. – aá / sjá síðu 4

## Læknar vilja banna rafrettur

**LÝÐHEILSA** Á aðalfundi Læknafélags Íslands, sem var haldinn á Siglufirði í síðustu viku, var skorað á Alþingi að festa í lög bann við sölu á rafrettum og tengdum varningi.

Alma D. Möller landlæknir varar sterklega við því að börn noti rafrettur, hvaða nöfnum sem þær nefnast. Tæp tíu prósent unglinga í 10. bekk veipi að staðaldri og yfir tuttugu prósent framhaldsskólanema. Umtalsverður hluti notar rafrettur að staðaldri og kannanir gefa til kynna að hlutfall barna sem notar rafrettur hafi farið hratt hækkandi undanfarin ár. Landlæknir hvetur foreldra til að ræða þetta mál við börn sín.

Forvarnardagurinn sem verður í fjórtánda sinn á morgun er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Í ár er forvarnardagurinn í umsjá Embættis landlæknis. Guðni Th. Jóhannesson mun heimsækja skóla og ræðir við nemendur um gildi þess að forðast fíkniefni. – ds

KAUPUM BLEIKU SLAUFUNA
Vefverslun á bleikaslaufan.is

BLEIKA SLAUFAN
Krabbameinsfélagið

## Veður



Norðaustlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og bjart með köflum. Þykknar upp með lítils háttar vætu á S- og A-verðu landinu eftir hádegi. Hiti 4 til 11 stig, hlýjast suðvestanlands. SJÁ SÍÐU 14



**Stóraukið laxeldi skýrir aukningu útflutnings.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Met í útflutningi eldisafurða

**FISKELDI** Útflutningsverðmæti eldisafurða nam um 15,5 milljörðum króna fyrstu átta mánuði ársins samkvæmt tölum frá Hagstofunni.

Er verðmæti útflutnings orðið meira en allt síðasta ár er það var 13,2 milljarðar.

Ef miðað er við fyrstu átta mánuði síðasta árs er aukningin 79 prósent milli ára í krónum. Í tilkynningu frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi segir að stóraukið laxeldi skýri þessa miklu aukningu. **– sar**

# Hart deilt á nýtt deiliskipulag

**SKIPULAGSMÁL** „Það er okkur óskiljanlegt með öllu að meirihluti sjálfstæðismanna og framsóknar skuli leyfa sér að gjörbreyta þeirri lausn sem góð sátt hafði náðst um,“ bókuðu fulltrúar minnihlutans í skipulagsráði Hafnarfjarðar í gær. Til meðferðar var skipulag á svokölluðum Gjótum.

„Gert er ráð fyrir að fjöldi íbúða aukist úr 150 í 485 með því að leyfa allt að níu hæða byggingar og fara með nýtingarhlutfall lóðar í 2,31 sem yrði það hæsta í Hafnarfirði. Ef þetta gengi eftir yrðu íbúar um 1.400 talsins á þessu litla svæði,“ bókaði minnihlutinn.

Fulltrúar meirihlutans ásamt fulltrúa Miðflokksins sögðu í bókun uppbygginguna í fullkomnu samræmi við markmið svæðisskipulags og í góðu samræmi við rammaskipulag frá í maí í fyrra. **– gar**

# Þingmenn í heimsókn



**Kjördæmavika er nú á Alþingi. Þá fara þingmenn út í kjördæmi sín og ræða við fólk. Í Reykjavík mættu þingmenn í Höfða í gær og ræddu við borgarfulltrúa um helstu hagsmunamál Reykvíkinga. Létt var yfir mannskapnum á fundinum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS




**Flugáætlun næsta sumars er nú endurskoðuð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hætta flugi til San Francisco

**FLUG** Icelandair hefur ákveðið að hætta flugi til San Francisco og Kansas. Ákvörðun um það var tekin við endurskoðun flugáætlunar fyrir næsta sumar en til skoðunar er að bæta við öðrum áfangastöðum.

Í tilkynningu frá félaginu segir að afkoman af þessum flugleiðum hafi ekki staðið undir væntingum. Meginmarkmið endurskoðunar á flugáætlun sé að bæta afkomu og lágmarka áhættu vegna kyrrsetningar MAX-vélanna. **– sar**

# Mikil aukning á árinu í sjálfsvígssímtölum

Um 30 prósent fleiri sjálfsvígssímtöl hafa borist í Hjálparsíma Rauða krossins það sem af er ári miðað við sama tímabil 2018. Samtökin hafa í samstarfi við Geðhjálp sett í gang herferð til þess að uppfræða ungmenni um geðheilsu.

**SAMFÉLAG** Rauði krossinn hefur um árabil starfrækt Hjálparsíma þar sem einstaklingar geta hringt inn eða sent skilaboð á netinu um ýmis vandamál.

Úrræðið er opið allan sólarhringinn, alla daga ársins. Sjálfboðaliðar manna vaktirnar á daginn og kvöldin en næturvaktirnar eru launaðar.

„Við erum með um 90 til 100 sjálfboðaliða sem manna vaktirnar. Þörfin er ærin því okkur berast um fjórtán þúsund símtöl og skilaboð á ári. Við tökum á öllum vandamálum fólks en flest þeirra eru þó sálræns eðlis. Þunglyndi, kvíði og einmanaleiki,“ segir Sandra Björk Birgisdóttir, verkefnastjóri Hjálparsíma Rauða krossins.

Samkvæmt skráningu Hjálparsímans hafa það sem af er ári borist 717 samtöl frá einstaklingum í sjálfsvígshugleiðingum. Fjöldinn var 553 á sama tíma í fyrra og því er aukningin um 30 prósent.

„Það þarf ekki að þýða að það séu fleiri í sjálfsvígshugleiðingum en áður, heldur að það séu fleiri sem leita sér hjálpar og þora að tala um það þegar þeim líður illa,“ segir Sandra Björk.

Rauði krossinn og Geðhjálp blésu í herlúðra og hrintu forvarnarverkefninu Útmeð'a í framkvæmd til að minna á hvaða þættir geta stuðlað að góðu andlegu heilbrigði. Um er að ræða tíu myndbönd sem eiga að hvetja fólk, með sérstakri áherslu á ungt fólk, til að tjá sig um andlega líðan sína og leita sér faglegrar aðstoðar þegar á þarf halda.

„Það má segja að við höfum uppfært Geðorðin tíu, sem margir þekkja, og fært þau í nútímalegri búning. Þetta eru gagnvirk myndbönd, unnin í samstarfi við framleiðslufyrirtækið Tjarnargötu, þar sem áhorfandinn á að geta upplifað hvernig lífið getur breyst með því að temja sér betri venjur og hugsa vel um sjálfan sig. Þetta er í formi tíu skrefa sem öll eiga að hjálpa til við að stuðla að betri geðheilsu,“ segir Sandra Björk.

Myndböndin eru aðgengileg á heimasíðu verkefnisins, utmeda.is.
**bjorn@frettabladid.is**



**Sandra Björk Birgisdóttir, verkefnastjóri Hjálparlínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> **Það þarf ekki að þýða að það séu fleiri í sjálfsvígshugleiðingum en áður, heldur að það séu fleiri sem leita sér hjálpar.**
>
> Sandra Björk Birgisdóttir, verkefnastjóri Hjálparsíma Rauða krossins




NÁNAR Á UU.IS/SIGLINGAR EÐA Í SÍMA 585 4000



# Málin rædd

Hópur úr röðum alþingismanna Reykvíkinga mætti í gær í Höfða til að spjalla við borgarfulltrúa um mál sem brenna á borgarbúum. Heimsóknin er hluti kjördæmaviku á Alþingi. Að venju ræða þingmenn þá við sveitarstjórnarmenn í heimabyggð. Anton Brink ljósmyndari var á staðnum.










**Líf- og sjúkdómatryggingar**

Til hvers að standa í biðröð þegar þú getur gengið frá líf- og sjúkdómatryggingum hvar og hvenær sem er á **vordur.is**. Eftir hverju ert þú að bíða?

**ÞÚ ERT NÚMER EITT Í RÖÐINNI**

vörður

# Þingeyingar vilja rök fyrir tilnefningu sveitarfélaga í fiskeldisnefnd

**STJÓRNSÝSLA** Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar vill skýringar frá stjórn Sambands sveitarfélaga á tilnefningum hennar í samráðsnefnd sjávarútvegsráðherra um fiskeldi.

Stjórn Sambands sveitarfélaga samþykkti 30. ágúst síðastliðinn að tilnefna Sigríði Ólöfu Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu, eða Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóra í Fjarðabyggð, sem fulltrúa sambandsins í samráðsnefndina. Lætur stjórnin ráðherra það eftir að ákveða hvort þeirra verður fyrir valinu og að það þeirra sem ráðherra velur ekki sem aðalmann verði þá varamaður hins.

Þau Sigríður Ólöf og Karl Óttar eru bæði úr sjókvíaeldishéruðum. Vestfjarðastofa hefur unnið að framgangi sjókvíaeldis.

„Þar sem ekki verður séð á ályktunum Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga undanfarin ár að afstaða hafi verið tekin með laxeldi í sjókvíum við Ísland óskar sveitarstjórn eftir rökstuðningi stjórnar sambandsins fyrir því af hverju viðkomandi fulltrúar voru tilnefndir í samráðsnefnd um fiskeldi fyrir hönd sambandsins,“ segir í bókun sveitarstjórnar Þingeyinga.



Sjókvíaeldi í Súgandafirði. NORDICPHOTOS/GETTY

„Hagsmunir sveitarfélaga í þessu máli eru mismunandi og því mikilvægt að hlutleysis sé gætt,“ undirstrikar sveitarstjórnin. „Veiðar á villtum laxi er mikilvægur atvinnuvegur í Þingeyjarsveit og fleiri sveitarfélögum. Það er að mati sveitarstjórnar ekki hægt að sjá að í þeim áformum sem fyrir liggja um laxeldi í sjó við Ísland muni villtir laxastofnar njóta vafans með nógu óyggjandi hætti.“

Aðrir sem sem eiga fulltrúa í samráðsnefndinni eru sjávarútvegsráðherra sjálfur, sem skipar formann, Hafrannsóknastofnun, Samtök fiskeldisfyrirtækja, Landssamband veiðifélaga og umhverfis- og auðlindaráðherra. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar, meðal annars varðandi áhættumat erfðablöndunar. – gar

## Vill samflot á strætóakreinar

**REYKJAVÍK** Þrír eða fleiri um borð í bíl mega nota forgangsakreinar fyrir almenningssamgöngur ef tillaga Jórunnar Pálu Jónasdóttur, varaborgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, verður að veruleika.

„Þessi tillaga miðar að því að leysa umferðarvandann fyrr en búið er að tala um, hagkvæm lausn sem nýtir innviði sem eru þegar til staðar,“ segir Jórunn Pála

„Þetta er gulrót frekar en pískur og verðlaunar þá sem fara samferða í bíl,“ bætir varaborgarfulltrúinn við.



**Jórunn Pála Jónasdóttir, varaborgarfulltrúi.**

Tillagan verður lögð fram á fundi borgarstjórnar í dag. Ef hún verður samþykkt verður umhverfis- og skipulagssviði falið að útfæra breytinguna í samstarfi við Vegagerðina.

Jórunn Pála segir þetta opna á ýmsa möguleika, til dæmis samflotsapp. Hún segir kostnaðinn hverfandi.

„Við værum að tala um innleiðingu reglna og uppsetningu á skiltum. Ef þetta reynist vel þá kæmi kannski til greina að bæta við fleiri forgangsakreinum,“ segir Jórunn Pála Jónasdóttir. – ab

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning
Það kostar ekkert.

# Rannsókn á nýrri ábendingu um afdrif Guðmundar hætt

**Settur ríkissaksóknari telur ábendingu í mannshvarfsmáli Guðmundar Einarssonar fullrannsakaða. Meint vitni kvaðst hafa verið í bíl sem ók á Guðmund nóttina sem hann hvarf í janúar 1975. Sá sem vitnið segir hafa ekið á Guðmund er talinn hafa orðið til þess að grunur beindist að Sævari Ciesielski.**

**LÖGREGLUMÁL** Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, hefur haft með höndum athugun á ábendingum sem bárust lögreglu á árunum 2015 og 2016 um afdrif bæði Guðmundar og Geirfinns Einarssona. Vegna vensla við þáverandi rannsóknaraðila málsins lýsti Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari sig vanhæfa til að taka afstöðu til ábendinganna og setti ráðherra Höllu Bergþóru til verksins fyrr á þessu ári.

Það er mat Höllu Bergþóru að meðferð ábendingar sem barst lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2015 um hvarf Guðmundar hafi lokið á árinu 2016 og rannsókn verið hætt.

Ábendingin sem telst nú fullrannsökuð varðar mann sem var handtekinn og yfirheyrður í júní 2016 í kjölfar framburðar vitnis sem gaf sig fram við lögreglu.

Vitnið er fyrrverandi sambýliskona mannsins og skýrði hún frá því að hún hefði verið farþegi í bíl undir hans stjórn þegar ekið var á Guðmund Einarsson aðfaranótt 27. janúar 1974. Hún hafi setið í aftursæti og vinur sambýlismannsins frammi í. Eftir ákeyrsluna hafi Guðmundur verið tekinn upp í bílinn. Henni hafi verið ekið heim en mjög hafi verið dregið af Guðmundi þegar hún yfirgaf bílinn við heimili sitt.

Maðurinn neitaði þessu staðfastlega í yfirheyrslu en aðspurður um samskipti við rannsóknarlögregluna á þessum tíma svaraði hann því til að hann hefði sífellt verið að ljúga í þá sögum á þessum tíma.

Þetta var ekki í eina skiptið sem umræddur einstaklingur blandaði sér í Guðmundar- og Geirfinnsmál.



Leitað var mjög víða að báðum mönnum, meðal annars í Hafnarfjarðarhrauni. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**Halla Bergþóra Björnsdóttir, settur ríkissaksóknari.**

Í úrskurði endurupptökunefndar er vísað til skýrslu frá vorinu 1978 þar sem hann segir lögreglunni á Selfossi og fulltrúa sýslumanns að bæði Guðmundur og Geirfinnur séu grafnir í húsagarði í Reykjavík, það hafi hann eftir Kristjáni Viðari sem hafi sýnt sér staðinn þegar þeir struku saman af Litla-Hrauni áður en Kristján Viðar var úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna Guðmundarmálsins. Maðurinn benti á bakgarð við Grettisgötu. Í skýrslunni komi fram að upphaflega hefði hann ekki viljað skýra frá þessu nema hann fengi að vera viðstaddur uppgröftinn. Svo snerist honum hugur og hann neitaði að staðfesta vitneskju sína nema hann fengi reynslulausn.

Í úrskurði endurupptökunefndar um endurupptöku Hæstaréttardómsins í málinu kemur fram að gögn sem lögð hafi verið fyrir nefndina bendi sérstaklega til að þessi sami maður og fyrrnefnd ábending lýtur að „hafi veitt lögreglu upplýsingar sem leiddu til þess að grunur beindist að dómfelldu um aðild að hvarfi Guðmundar. [Hann] hafði verið í afplánun refsidóms á Litla-Hrauni og hafði verið þar með dómfellda Kristjáni Viðari. Það hvernig staðið var að hléi á afplánun refsidóms [mannsins] og rannsókn nýs brots, sem hann gerði sig strax sekan um í kjölfarið og játaði að hafa framið, gefur sterklega til kynna að hann hafi veitt þessar upplýsingar í því skyni að sleppa betur frá sínum eigin afbrotum.“

Sem fyrr segir er niðurstaða setts saksóknara að rannsókn á þessum þætti hafi lokið hjá lögreglu 2016.

„Komi fram einhverjar nýjar upp lýsingar í málinu síðar verður það mat lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og ríkissaksóknara hvort rannsókn verði opnuð að nýju,“ segir Halla Bergþóra, settur saksóknari.

adalheidur@frettabladid.is




## Segir græðgi ógna búsetu á Akranesi

**ATVINNUMÁL** Fiskvinnslufyrirtækið Ísfiskur á Akranesi sagði upp öllum starfsmönnum sínum í gær. Um er að ræða varúðarráðstöfun vegna lausafjárvanda fyrirtækisins og mun enn vera vonast til að uppsagnirnar komi ekki til framkvæmda.

„Það er lítið annað að gera en að vona að forsvarsmönnum Ísfisks takist á næstu dögum og vikum að endurfjármagna sig, þannig að ekki komi til þessara uppsagna, en það er ljóst að lítið annað er hægt að gera í stöðunni núna en að vona það besta, en búa sig undir það versta,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, á vef félagsins. Flestir starfsmanna Ísfisks eru í félaginu.

Uppsagnirnar hjá Ísfiski eru ekki eina áhyggjuefni Akurnesinga í atvinnumálum. „Það er ekki bara að það vofi yfir okkur að tæplega sextíu fiskvinnslukonur og -menn séu við það að missa lífsviðurværi sitt ef



**Vilhjálmur Birgisson, formaður VA.**
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

fyrirtækinu tekst ekki að endurfjármagna sig, heldur er líka verið að ógna stórkostlega atvinnuöryggi og lífsviðurværi þeirra sem starfa hjá fyrirtækjunum á Grundartanga,“ segir í frétt formannsins og er þar vísað til þess að Landsvirkjun hafi hækkað raforkuverð hjá Norðuráli og Elkem Ísland.

„Það er þyngra en tárum taki þessi staða sem er að teiknast upp í atvinnumálum okkar Akurnesinga en viðbótarhækkun á raforku til stóriðjunnar á Grundartanga er eins og áður sagði milli fimm og sex milljarðar sem er litlu minna en allur sjávarútvegurinn greiðir í auðlindagjöld. Það liggur fyrir að þegar nánast öll framlegð fyrirtækjanna er þurrkuð upp vegna græðgisvæðingar Landsvirkjunar þá mun það leiða til þess að verið er að ógna lífsviðurværi og atvinnuöryggi fjölda fólks.“

Vilhjálmur segir að Akurnesingar þurfi að þétta raðirnar og segir íbúafund til skoðunar. „Við getum ekki endalaust látið fara svona með okkur þegar kemur að atvinnuöryggi og lífsviðurværi bæjarbúa.“ – gar




4X4
SUZUKI SWIFT
ER EINNIG
FÁANLEGUR
FJÓRHJÓLADRIFINN

Suzuki Swift er löngu búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Frábærir aksturseiginleikar, afl, sparneytni og glæsileiki gerir Suzuki Swift ómótstæðilegan.

Komdu í heimsókn og prófaðu margverðlaunaðann Suzuki Swift.

*Suzuki Swift Mild Hybrid útgáfa er spennandi valkostur.*

***Það er alltaf Suzuki veður!***

Suzuki á Íslandi

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2018 BÍLABLAÐAMANNA

2018 CAR OF THE YEAR

FLUTT MEÐ EIMSKIP

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## Bólusetningar verði skylda í Bretlandi

**BRETLAND** Matt Hancock, heilbrigðisráðherra Bretlands, segir að vel komi til greina að setja lög sem skylda foreldra til að bólusetja börn sín. Þetta sagði hann á landsþingi Íhaldsflokksins, sem fram fer í Manchester.

Á þinginu sagðist Hancock hafa miklar áhyggjur af hlutfallslegri fækkun þeirra foreldra sem bólusetja börn sín. Ábyrgðin vegna hættulegra smitsjúkdóma gæti ekki aðeins verið á höndum ríkisins heldur verði foreldrar að axla hluta hennar.

„Ég tel að það séu mjög sterk rök fyrir því að hafa skyldubólusetningar í skólum landsins,“ sagði Hancock. „Annars er verið að setja önnur börn í hættu.“

**Ég tel að það séu mjög sterk rök fyrir því að hafa skyldubólusetningar í skólum landsins.**

Matt Hancock, heilbrigðisráðherra Bretlands

Bólusetningar hafa áður verið skylda í Bretlandi, til dæmis um miðja 19. öld þegar bólusett var fyrir bólusótt. Fyrir þremur árum var Bretland stimplað mislingalaust en landið missti stimpilinn á þessu ári eftir að hundruð mislingatilfella komu upp. Boris Johnson forsætisráðherra hefur heitið því að tryggja nægt bóluefni en margir óttast að skortur verði á mislingabóluefni eftir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. – khg


Matt Hancock, heilbrigðisráðherra Bretlands.

## Fundaði með Kirgísum um verndun jökla

**UTANRÍKISMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra fundaði með kollega sínum Chingiz Aidarbekov frá Kirgistan á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ræddu þeir meðal annars um samskipti ríkjanna, samstarf þjóðþinga og viðskipti en áherslan var á umhverfismál.


Chingiz Aidarbekov, utanríkisráðherra Kirgistan.

**Í Kirgistan eru meira en 8 þúsund jöklar. Talið er að 95 prósent af þeim verði horfin árið 2100.**

Aidarbekov sýndi sérstakan áhuga á samstarfi við Íslendinga um verndun jökla. Ísland komst í heimsfréttirnar þegar hvarf jökulsins Oks var minnst fyrir skemmstu. Kirgistan er hálfjallaríki og jöklarnir þar eru 8 þúsund. Sá þekktasti er Inylchek, sem er einn af stærstu jöklum heims utan heimskautanna. Einn af þeim stærstu heitir Lenín í höfuðið á Sovétleiðtoganum, en Kirgistan var Sovétlýðveldi til ársins 1991.

Kirgísar fylgjast nú grannt með jöklunum, en talið er að allt að 95 prósent þeirra verði horfin árið 2100. – khg



Ráðstefnan Saudi Open Hearts Open Doors í Ríad á föstudaginn. Hún er liður í því að gera landið að mesta ferðamannastað heims. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sádi-Arabía verði vinsælasta ferðamannaland heims 2030

**Ef verkefnið Vision 2030 gengur eftir verður Sádi-Arabía orðin að mesta ferðamannalandi heims eftir aðeins áratug. Hingað til hefur trúarofstæki, mannréttindabrot og ófriður einkennt landið en stjórnvöld hyggjast snúa þróuninni við, losa um heljargreiparnar á íbúunum og byggja upp ferðamannaparadís.**

**SÁDI-ARABÍA** Stjórnvöld í Sádi-Arabíu hyggjast gera landið aðgengilegra fyrir ferðamenn og hafa þegar liðkað fyrir reglum um vegabréfsáritanir frá 49 löndum. Allir innviðir eru þegar til staðar, svo sem glæsileg hótel, ævintýragarðar, menningarverðmæti, gott veður og strendur. En stífar og afturhaldssamar reglur, ófriðsamleg landamæri og mannréttindabrot hafa fælt ferðamenn frá.

Þegar ferðamannatölur frá Miðausturlöndum eru skoðaðar kemur í ljós að Sádi-Arabía er þegar í þriðja sæti, á eftir Tyrklandi og Sameinuðu arabísku furstadæmunum. En hafa ber í huga að langstærstur hluti ferðamanna er íslamskir pílagrímar, sem skylt er að heimsækja borgirnar Mekka og Medína, einu sinni á ævinni. Margir þessara pílagríma eyða eins litlum pening og hægt er meðan á dvölinni stendur.

Ferðaþjónustan hefur blómstrað í Katar, Barein og Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Dúbaí er þegar orðin ein vinsælasta ferðamannaborg heims. Sádi-Arabar líta nú til þessara litlu nágranna sinna sem fyrirmyndar að verkefninu Vision 2030. Á því ári er stefnt að því að ná 100 milljónum ferðamanna til landsins. Til samanburðar heimsækja árlega um 90 milljónir Frakkland, vinsælasta ferðamannaland heims. Aðeins um 16 milljónir koma til Sádi-Arabíu, og fer fækkandi.

Helsta ástæðan fyrir þessu átaki er að gera Sádi-Arabíu minna háða olíunni. Í nærri heila öld hefur efnahagur landsins nær alfarið verið byggður á olíuútflutningi, og gengið vel. En vitundarvakning um loftslagsmál, hröð orkuskipti og árásir eins og gerð var á Saudi Aramco fyrir skemmstu, hafa knúið konungsfjölskylduna til þess að leita að öðrum stoðum undir efnahagslífið.

Sádi-Arabar hafa undanfarið sýnt viðleitni til að auka mannréttindi, meðal annars til þess að snúa ímynd landsins við. Konur mega nú taka bílpróf, sækja tónleika með körlum og ítök trúarlögreglunnar hafa verið minnkuð. Stjórnvöld vilja þó litlu svara um hvernig þau hyggjast tryggja frið í landinu og koma í veg fyrir hryðjuverk. Einnig hefur ekkert verið rætt um að leyfa áfengi í landinu. Þess í stað einblína stjórnvöld á það sem byggt verður upp.

**16 milljónir ferðamanna heimsækja Sádi-Arabíu á hverju ári, flestir pílagrímar. Stefnan er að ná fjölda ferðamanna upp í 100 milljónir á aðeins 10 árum.**

Stærst er Rauðahafsverkefnið svokallaða, sem kynnt var til sögunnar árið 2017. Í fyrsta áfanga, sem lýkur 2022, munu 14 lúxushótel, alþjóðaflugvöllur og ótal afþreyingargarðar og búðir rísa. Þá verður landslaginu breytt að miklu leyti, og fínkorna sandstrendur lagðar. Áætlað er að verkefnið skapi 35 þúsund ársverk.

Við landamæri Egyptalands mun rísa hátækniborgin NEOM, eins konar Sílíkondalur á sterum, og öll erfiðisvinna verður unnin af vélmennum. Vilja stjórnvöld laða þangað allt mesta hæfileikafólk heims. Í miðju landsins, við höfuðborgina Ríad, er skemmtanaborgin Qiddiya að rísa sem mun skarta stærstu og flottustu skemmtigörðum heims og þegar hefur einn garður verið opnaður.

Til að taka við svo miklum fjölda ferðamanna þarf að hafa innviðina í lagi og á næstu árum verður lesta- og samgöngukerfi landsins stórbætt. Í landinu er þegar mikið af starfsfólki sem er þjálfað til að sjá um pílagríma en einnig verður erlent vinnuafl flutt inn til að sinna ferðamönnum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

# Frelsisflokkurinn tregur í stjórn eftir kosningaskell

**AUSTURRÍKI** Sebastian Kurz og Íhaldsflokkur hans unnu góðan sigur í nýafstöðnum þingkosningum í Austurríki. Fastlega er búist við því að hann verði forsætisráðherra á ný en möguleikum hans virðist hafa fækkað.

„Við túlkum þessi kosningaúrslit ekki á þann veg að við höfum umboð til að setjast í ríkisstjórn,“ sagði Harald Vilimsky, aðalritari Frelsisflokksins. Flokkurinn þyrfti að ná tengslum við grasrótina á ný og því markmiði yrði betur náð í stjórnarandstöðu. Herbert Kickl, þingflokksformaður flokksins, hefur einnig talað á svipuðum nótum.

Fastlega var búist við því að Kurz myndi reyna að mynda nýja stjórn með Frelsisflokknum, sem er hægri popúlískur flokkur. Flokkarnir tveir mynduðu saman stjórn þar til spillingarmál, kennt við Ibiza, kom upp fyrr á árinu. Þegar það kom upp sagði Heinz-Christian Strache, formaður Frelsisflokksins og varakanslari, af sér embætti og forystu flokksins. Talið var víst að Kurz myndi ná saman með nýjum formanni, Norbert Hofer, en nú eru blikur á lofti og valdajafnvægið orðið mjög bjagað.


Sebastian Kurz og Norbert Hofer í kappræðum. NORDICPHOTOS/GETTY

Ef Kurz nær ekki að mynda stjórn með Frelsisflokknum er talið að hann leiti til hinna tveggja sigurvegara kosninganna, Græningjanna og NEOS, sem er frjálslyndur miðjuflokkur. Íhaldsflokkurinn og Græningjar gætu myndað tveggja flokka stjórn en talið er að Kurz vilji fá NEOS inn til að breikka stjórnina og hafa styrkari meirihluta. Ef Kurz næði að mynda slíka stjórn þyrfti hann að tóna verulega niður andstöðu sína við innflytjendur en hann og Frelsisflokkurinn hafa verið mjög samtaka í þeim málaflokki hingað til. – khg

**Við túlkum þessi kosningaúrslit ekki á þann veg að við höfum umboð til að setjast í ríkisstjórn.**

Harald Vilimsky, aðalritari Frelsisflokksins

+PLÚS



Wayne Coyne, söngvari og forsprakki hljómsveitarinnar The Flaming Lips, á tónleikum sveitarinnar í Óperuhúsinu í Sydney. NORDICPHOTOS/GETTY



Frakklandsforsetarnir Emmuanuel Macron og Francois Hollande kyssast á biturri stund og forsetafrúin Brigitte fylgist með. Margir fyrrverandi og núverandi stjórnmálaleiðtogar voru viðstaddir þegar Jacques Chirac var borinn til grafar. NORDICPHOTOS/GETTY



Landslið Samóaeyja sýnir Skotum þjóðlegan stríðsdans fyrir leik í A-riðli á heimsmeistaramótinu í ruðningi í Japan. Dansinn hafði lítil áhrif því að Skotar unnu 34-0. NORDICPHOTOS/GETTY




Mikið mæðir á Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, þessa dagana en hann sækir nú landsþing Íhaldsflokksins í Manchester. Boris gaf sér þó tíma til að skoða aðstæður í heildsölunni Bestway og grípa pakka af kattamat fyrir embættisköttinn Larry sem býr í Downsingstræti. NORDICPHOTOS/GETTY



Timothy Dolan, erkibiskup í New York, var miður sín þegar dómarinn Barbara Jones tilkynnti niðurstöður rannsóknar á kynferðisbrotum í umdæminu. Dolan sjálfur bað um rannsóknina fyrir ári. Jones tilkynnti að 338 einstaklingar sem voru misnotaðir hefðu fengið bætur og brotlegir prestar verið sviptir hempunni. NORDICPHOTOS/GETTY




# ÓDÝRT OG GOTT

**Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrapylsa og blóðmör.**

**Heilslátur 3 stk**
3.899 kr/pk

**Heilslátur 5 stk**
5.999 kr/pk

**Heilslátur 3 stk án blóðs**
3.699 kr/pk

**Heilslátur án blóðs 5 stk**
5.699 kr/pk

**Frosið heilslátur 3 stk**
3.999 kr/pk

**Frosið heilslátur 5 stk**
6.099 kr/pk

**Frosið heilslátur 3 stk með próteinkeppum og mör**
4.699 kr/kg

**Eistu**
599 kr/kg

**Dilkanýru**
399 kr/kg

**Dilkalifur**
399 kr/kg

**Dilkahjörtu**
599 kr/kg

**Þindar**
399 kr/kg

**Blóð**
229 kr/lítri

**Próteinkeppir 10 stk**
1.399 kr/pk

**Mör**
189 kr/kg

**Brytjaður mör u.þ.b. 3 kg**
269 kr/kg

**Sviðahausar**
579 kr/kg

**Kalóneraðar vambir 3 stk**
1.249 kr/pk

Kringlan

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Tími til kominn



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Höfuðborgarsvæðið hefur allt of lengi setið á hakanum þegar kemur að samgönguframkvæmdum. Þess vegna er samkomulag ríkisins og sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um stórfellda uppbyggingu á næstu fimmtán árum jákvætt og löngu tímabært skref. Hér er um að ræða fjölbreyttar aðgerðir sem ætlað er að taka á ýmsum þáttum í samgöngumálum svæðisins.

Sérstakt ánægjuefni er að þessir aðilar hafi náð saman um Borgarlínu og að hefja eigi framkvæmdir strax. Þannig á fyrstu áföngum Borgarlínu að vera lokið árið 2023 en alls mun tæpum 50 milljörðum verða varið til verkefnisins á tímabilinu. Tilkoma Borgarlínu er nauðsynleg forsenda uppbyggingar samgöngukerfis framtíðarinnar sem mun byggja á umhverfisvænum lausnum. Þess vegna er einnig ánægjulegt að verja eigi rúmum átta milljörðum til að bæta innviði fyrir gangandi og hjólandi.

Þá sér loks fyrir endann á lagningu hluta Miklubrautar í stokk en slík áform var meðal annars að finna í aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016. Miðað við samkomulagið er nú gert ráð fyrir að verkefninu verði lokið árið 2026. Hér er um mikilvæga framkvæmd að ræða sem mun bæta lífsgæði íbúa á svæðinu svo um munar. Þó veldur það vonbrigðum að Sundabraut sé ekki hluti samkomulagsins en aðeins er minnst á þá framkvæmd í upptalningu verkefna sem áformað sé að fjármagna með sértækri gjaldtöku.

Miðað við þá umræðu sem skapaðist um samgönguáætlun og veggjöld síðasta vetur liggur það fyrir að fjármögnunin verður alltaf umdeild. Nú er gert ráð fyrir að 60 milljarðar, eða helmingur þess fjármagns sem er undir í samkomulaginu, komi í gegnum flýti- og umferðargjöld. Útfærslur liggja enn ekki fyrir en gera má ráð fyrir því að veggjöld verði tekin upp í einhverri mynd. Ríkið hefur heldur ekki útilokað að fjármagna hluta þessara 60 milljarða með öðrum leiðum eins og eignasölu.

Það er mikilvægt að stjórnmálamenn hugi að jafnræði íbúa landsins þegar kemur að veggjöldum og tryggi um leið að þessi gjöld verði fyrst og fremst hugsuð sem viðbrögð við breytingum í samgöngukerfinu. Vistvænum bílum fjölgar hratt og þar með munu gjöld á jarðefnaeldsneyti, sem notuð hafa verið til að fjármagna framkvæmdir í vegakerfinu, dragast saman.

Samkvæmt samkomulaginu verða allir mögulegir kostir við útfærslu gjaldtöku skoðaðir ítarlega. Þar er mikilvægt að horfa til þeirra fjölmörgu nágrannaríkja sem farið hafa svipaða leið. Eins og haft var eftir borgarstjóra í Fréttablaðinu í gær þá er á þessu stigi málsins ótímabært að taka afstöðu til einstakra hugmynda. Það verkefni bíður komandi vetrar.

**Tilkoma Borgarlínu er nauðsynleg forsenda uppbyggingar samgöngukerfis framtíðarinnar sem mun byggja á umhverfisvænum lausnum.**




Halldór




## Frá degi til dags

**Uppsprettuferðir**

**Heyrst hefur að borgarstjórnin sé að senda tvo borgarfulltrúa frá hverjum flokki í „rannsóknar- og vísindaferð“ til nokkurra borga á Norðurlöndum. Borgarfulltrúarnir ætla að kynna sér bókasöfn norrænu borganna. Flott fundaprógramm er fram undan. Byrjað verður á Árósum, Kaupmannahöfn og Osló. Eins og við öll vitum þá eru ferðir af þessu tagi uppspretta ótal nútímalegra breytinga sem vega munu þyngra en kolefnissporið.**

**Ríkisauglýsingaplássin**

**Ekki er ljóst hverra hagsmuna Samband íslenskra auglýsingastofa er að gæta með rándýrri áróðursherferð gegn því að RÚV verði tekið af auglýsingamarkaði. SÍA segir að „ríflega tveggja milljarða króna innspýtingu af skattfé“ þyrfti til að bæta RÚV tapið. Þar er vísað til auglýsingatekna RÚV. Hér er ýmislegt oftalið. Kostnaður RÚV við öflun auglýsinga og undirbúning fyrir birtingu er áætlaður um 600 milljónir króna. Það eru ýmis önnur auglýsingapláss sem ríkið getur látið útbúa fyrir 600 milljónir, strengt auglýsingaborða aftan í ríkisstyrktar flugsamgöngur, sett upp auglýsingaskilti í þjóðgörðum og látið spila auglýsingu alltaf þegar þú borgar vegtolla.**

arib@frettabladid.is

## 10 vondar fréttir



Ágúst Ólafur Ágústsson
alþingismaður Samfylkingarinnar

Í fjárlagafrumvarpinu kemur pólitík ríkisstjórnarinnar fram. Sé kafað djúpt í fylgiskjölin kemur mjög áhugaverð mynd fram.

1. HÍ, HR, Listaháskólinn og HA fá nánast sömu raunupphæð og í fyrra. Hjá framhaldsskólum er beinlínis lækkun á heildarfjármagni milli ára. Eina stórsóknin í menntamálum virðist vera í yfirlýsingum ráðherrans.
2. Þrátt fyrir augljósa þörf hjá Landspítalanum vill ríkisstjórnin ná 1,2 milljörðum kr. í aðhaldi úr heilbrigðiskerfinu. Á meðan er ófremdarástand á bráðamóttökunni og 130 eldri borgarar „búa“ á spítalanum vegna skorts á úrræðum.
3. Viðbótarframlag til öryrkja er milljarður sem dugar ekki í að afnema krónu á móti krónu sem kostar um 10 milljarða kr. Enn eru öryrkjar látnir bíða eftir réttlætinu, sem Katrín Jakobsdóttir sagði í stjórnarandstöðu að þeir mættu alls ekki gera.
4. Endurgreiðsla vegna kvikmyndagerðar er lækkuð um tæp 30%. Framlög til Tækniþróunarsjóðs, Lýðheilsusjóðs, Jafnréttissjóðs og þróunarsamvinnu lækka.
5. Framlög til hjálpartækja eru lækkuð.
6. Framlög til almennrar löggæslu lækka. Færri lögreglumenn eru nú en fyrir 10 árum þrátt fyrir fimmföldun ferðamanna og íbúafjölgun á tímabilinu.
7. Aldraðir fá ekkert aukaframlag umfram það sem er vegna fjölgunar í þeirra hópi.
8. Veiðileyfagjöldin hafa lækkað um tæp 40% síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum. Og núna er lækkun bankaskatts sett í forgang. Fjármagnstekjuskatturinn skal áfram vera lægstur á Íslandi af öllum Norðurlöndunum.
9. Umhverfismál fá aðeins 2% af fjárlögum. Þegar 98% fjárlaga fara í annað má velta fyrir sér hversu ofarlega umhverfismálin eru.
10. Þá er sérstök aðhaldskrafa á sjúkrahús, öldrunarstofnanir og skóla.

Að þessari upptalningu lokinni má spyrja hvort þetta sé það sem kjósendur kusu um í síðustu kosningum.

**Í fjárlagafrumvarpinu kemur pólitík ríkisstjórnarinnar fram. Sé kafað djúpt í fylgiskjölin kemur mjög áhugaverð mynd fram.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Helför gegn litlum og fallegum fugli



**Ole Anton Bieltvedt**
stofnandi Jarðarvina

Eins og allir vita, er rjúpan fallegur, skaðlaus og varnarlaus lítill fugl, sem auðgar og skreytir lífríkið. Rjúpan er lykiltegund í íslenzku vistkerfi og einn einkennisfugla íslenzkrar náttúru. Flestum, sem unna dýralífi, náttúru og umhverfi, mun þykja afar vænt um þessa litlu, fallegu og friðsælu lífveru, sem prýðir og gleður með fegurð sinni og líflegu korri.

Karrinn helgar sér óðal í apríl, og 2-3 vikum síðar veljast hæna og karri saman. Ef bæði lifa, bindast þau böndum saman all ævi. Rjúpan er því „einkvænisdýr“. Óðal karrans verður þeirra sameiginlega heimili, svo lengi, sem bæði lifa. Við eðlilegar aðstæður getur hænan orpið allt að 12 eggjum. Meðalvarp hér á Íslandi er hins vegar aðeins 6-8 ungar. Meðan ungarnir eru að vaxa úr grasi, dvelst karrinn í nánd við hreiðrið og gætir hænu og unga. Báðir foreldrar afla fæðu og fóðra ungana saman.

**Hörð lífsbarátta**

Fæðuleit er oftast einföld á sumrin, en rjúpan lifir aðallega á rjúpnalaufi, krækilyngi, bláberjalyngi, birki og grasvíði. Þegar haustar verður lífsbarátta rjúpunnar hins vegar oft hörð, einkum í harðæri og miklum snjóavetrum. Til marks um gáfnafar og þroska rjúpunnar, má nefna, að á vetrum byggja þær, 5-15 saman, snjóhús, þar sem þær dvelja að mestu yfir daginn. Í morgunsárið fara þær af stað í fæðisleit, sem oftast er hópvinna. Það er því langt í frá, að rjúpan sé „skynlaus skepna“ frekar en neitt annað dýr.

Rjúpan hefur verið elt, ofsótt og drepin í gegnum tíðina, framan af af þörf, í harðbýlu landi, en þessi þörf er ekki lengur til staðar. Nú flokkast rjúpnadráp undir tómstundagaman og skemmtun, jafnvel sport. Í mín eyru er orðið „sport“ yfir að elta, ofsækja, limlesta og níða niður saklausar og varnarlausar lífverur, sem ekkert hafa sér til saka unnið, óheyrilegt.

Náttúran hefur gefið rjúpunni 3 fjaðurhami á ári, til að verjast erkifjandanum, manninum, en það dugar skammt. Rjúpnaveiðimenn eru vopnaðir nýjustu sjónaukum og sjálfvirkum haglabyssum – marghlæðum – og er rjúpunni vart undankomu auðið, þegar dauðasveitin, yfirleitt um 6.000 veiðimenn, er komin í veiðiham.

**Stofninn á alvarlegri niðurleið**

Skv. nýlegri greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands, „Ástand rjúpnastofnsins 2019“, er allt að 70% niðursveifla í stofnstærð rjúpunnar, á 26 af 32 talningarsvæðum, en á Suðurlandi, og þá einkum á Suðausturlandi, er stofninn hruninn; þar fundust nú aðeins 2 karrar á ferkílómetra, en, þegar mest var þar síðustu áratugi, voru þeir allt að 40. – Um allt Suðausturland, Suðurland, Vestfirði og Norðvesturland er rjúpnastofninn á frá 20% upp í 70% niðurleið, á 12 talningarsvæðum af 13, aðeins á 5 svæðum af 18 á Norðausturlandi og Austurlandi hefur stofninn styrkst. Ætti því fuglinn skilyrðislaust að vera friðaður í ár alls staðar, nema þá helzt á Norðausturlandi.

Þrátt fyrir þessa gífurlegu niðursveiflu rjúpnastofnsins 2019, miðað við 2018, er veiðitími nú aukinn, úr 15 dögum í fyrra og 12 dögum 2017, í 22 daga í ár. Er þeim mönnum, sem



þessu stjórna, ekki sjálfrátt!? 2011 og 2012 voru veiðidagar 9. Hér hafa stjórnvöld, og þá einkum Umhverfisstofnun, látið undan þrýstingi og kröfum veiðimanna, og er eina vonin, að Guðmundur Ingi taki af skarið og stórminnki veiðisvæði og veiðitíma. Að fara með allt landið og veiðiákvarðanir sem eitt mál, við þessi skilyrði, er vitaskuld út í hött.

Hér er að mestu um það að ræða, að veiðimenn skjóta á fljúgandi fugla, sem eru að reyna að forða sér, limlesta þá og særa, án þess að drepa þá endanlega, og geta þessi blessuðu helsærðu dýr komið sér undan, til þess eins þó, að kveljast til dauða – oft úr blóðeitrun – fjarri veiðimanni. - Er greinilegt, að tugþúsundir fugla hafa verið níddar til dauða með þessum ömurlega hætti ár hvert, en þetta er kallað „veiðiafföll“, þó að níðdráp væri réttnefni. Þessir fuglar eru auðvitað ekki taldir með í veiðitölum.

> **Það er mál til komið, að fuglinn fagri og friðsæli, sem er lykiltegund í íslenzku vistkerfi og prýðir það og skreytir, fái grið og frið.**

**Rjúpan er á válista**

Náttúrufræðistofnun Íslands heldur „Válista fugla“. Á þessum lista stendur rjúpan undir fyrirsögninni „Tegundir í yfirvofandi hættu“ árið 2018. Árið 2019, er ástand rjúpnastofnsins orðið miklu verra. Sluppu hér einhverjir, sem að veiðiákvörðun standa, út af Kleppi?

Fáar verur á Íslandi hafa verið ofsóttar og hrelldar, meiddar og níddar til dauða í jafnmiklum mæli og rjúpan. Það er mál til komið, að fuglinn fagri og friðsæli, sem er lykiltegund í íslenzku vistkerfi og prýðir það og skreytir, fái grið og frið. Ég og þúsundir dýra- og rjúpnavina setjum traust okkar á Guðmund Inga – sem hefur tekið vel á loftslagsmálum, en lítið gert í dýravernd til þessa – með það, að hann taki nú nauðsynleg skref blessaðri rjúpunni til verndar og velferðar.





**Dagskrá**

13.30 - 13.40 **Setning málþings**
Pétur Magnússon, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Hrafnistuheimilanna

13.40 - 13.50 **Ávarp formanns velferðarnefndar Alþingis**
Helga Vala Helgadóttir, þingmaður

13.50 - 14.05 **Geðrækt á samfélagsgrundvelli – vellíðan fyrir alla**
Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis

14.05 - 14.20 **Forvarnir, snemminngrip og endurhæfing í fíknsjúkdómi**
Valgerður Rúnarsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá SÁÁ

14.20 - 14.35 **Lífsstíll og krabbamein – hvað getum við gert?**
Jóhanna Eyrún Torfadóttir, Ph.D. í lýðheilsuvísindum hjá Krabbameinsfélaginu

14.35 - 14.50 **Lengur heima – um mikilvægi dagþjálfunarþjónustu**
María Fjóla Harðardóttir, framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs Hrafnistuheimilanna

14.50 - 15.05 **Spornum við örorku vegna vefjagigtar – sýn Þrautar ehf.**
Sigrún Baldursdóttir, sjúkraþjálfari og framkvæmdastjóri Þrautar – Miðstöð vefjagigtar og tengdra sjúkdóma

**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.**


Pétur Magnússon


Helga Vala Helgadóttir


Sigrún Daníelsdóttir


Valgerður Rúnarsdóttir


Jóhanna Eyrún Torfadóttir


María Fjóla Harðardóttir


Sigrún Baldursdóttir

**Að framsögum loknum verða pallborðsumræður framsögumanna.**


Fundarstjóri
Sigmar Guðmundsson, fjölmiðlamaður

# Myndi ekki kvarta undan haustlægð

**Breiðablik mætir stórliði PSG í 16 liða úrslitum Meistaradeildar kvenna. Þorsteinn Halldórsson þjálfari er ánægður með að fá lið PSG hingað til lands enda eitt af toppliðum Evrópu. Seinni leikurinn fer fram á Kópavogsvelli og þjálfarinn myndi fagna léttu óveðri.**



Nadine Kessler dró Breiðablik upp úr hattinum í gær í höfuðstöðvum UEFA. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** „PSG er risalið og eitt af fjórum til sex bestu í Evrópu að mínum dómi,“ segir Þorsteinn Halldórsson, þjálfari Breiðabliks, en liðið dróst gegn PSG í 16 liða úrslitum Meistaradeildar kvenna í gær.

PSG er á toppi deildarinnar ásamt Lyon eftir fjóra leiki með markatölu upp á 19 mörk í plús. Þær léku til úrslita í Meistaradeildinni 2015 og 2017 en biðu lægri hlut í bæði skipti. Þær urðu bikarmeistarar í fyrra og hafa sjö sinnum endað í öðru sæti í deildinni enda með nánast hið ósigrandi Lyon í deild.

Liðið spilar á Jean-Bouin vellinum sem rúmar um 20 þúsund manns í sæti. Þjálfarinn er Olivier Echouafni sem stýrði landsliði Frakka í rúm tvö ár. Hann spilaði yfir 400 leiki í Ligue 1 sem miðjumaður og lék með Marseille, Strasbourg, Rennais og Nice þar sem hann var í sjö ár. Hann tók við í júní í fyrra.

Í liðinu eru margar landsliðskonur Frakka meðal annars Nadia Nadim, sem er ein þekktasta knattspyrnukona heims en hún flúði til Danmerkur frá Afganistan eftir að faðir hennar var skotinn. Miðjumaðurinn Grace Geyoro er aðeins 22 ára en hefur spilað 25 landsleiki fyrir Frakka, Kadidiatou Diani hefur spilað 53 landsleiki og þá stendur Christiane Endler í rammanum – sem er af flestum talin einn besti markvörður heims um þessar mundir.

„Þetta verður strembið en skemmtilegt. Fyrirfram verður þetta mjög erfitt en við höfum trú á okkur og að við getum gert eitthvað.

Í liðinu er kannski ekkert mikið af risanöfnunum sem allir þekkja. Fyrirliði þeirra er Formica sem hefur spilað á sjö heimsmeistaramótum. Það þekkja hana einhverjir en svo eru þarna margar sem eru greinilega mjög góðir leikmenn.

Þetta er mjög gott lið og það er ekkert hægt að fela það,“ segir Þorsteinn.

Breiðablik sló Sparta Prag út í 32 liða úrslitunum en fyrri leikurinn fer fram í París 16. eða 17. október. Síðari leikurinn fer fram tveimur vikum síðar á Kópavogsvelli. „Það væri ekkert verra að fá smá haustlægð en það er aldrei gaman ef við viljum fá fólk á völlinn og fá smá stemningu,“ segir Þorsteinn.

> **Fyrirfram verður þetta mjög erfitt en við trúum á okkur og að við getum gert eitthvað.**
>
> Þorsteinn Halldórsson



Hann bætir við að Blikar muni fá kostnaðinn að mestu endurgreiddan frá UEFA og stelpurnar þurfi því ekki að fara hina klassísku leið, að selja klósettpappír eða happdrættismiða til að eiga fyrir ferðalaginu. „Þegar maður er kominn svona langt þá fáum við upp í kostnaðinn. Ég held að við töpum ekki á þessu – ekki nema við hefðum endað í ferðalagi sem væri mun lengra.“

Íslandsmótinu lauk 21. september og Þorsteinn segir að átta stelpur séu í landsliðsverkefni. Hann hefur ekki nokkrar áhyggjur af sínum stelpum – þær muni mæta klárar. „Ég sé ekki allar stelpurnar aftur fyrr en 10. október. Við munum æfa vel fram að þessum leik. Erum í smá fríi núna og svo tökum við næsta mánuðinn að fullu. Þetta styttir bara undirbúningstímabilið sem er ekkert nema jákvætt,“ segir Þorsteinn.

benediktboas@frettabladid.is

### 16 liða úrslit

| |
|---|
| PSG – Breiðablik |
| Glasgow City – Bröndby |
| Lyon – Fortuna Hjörring |
| Wolfsburg – Twente |
| Slavia Prag – Arsenal |
| Manchester City – Atletico Madrid |
| Barcelona – Minsk |
| Blik Kazygurt – Bayern München |

# Erum tilbúin að endurtaka leikinn


Valskonur ætla að endurheimta Íslandsmeistaratitilinn í vor. MYND/KKÍ

**KÖRFUBOLTI** Valskonur endurtaka leikinn og verða Íslandsmeistarar í Domino's-deild kvenna í vetur ef marka má árlega spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna sem var birt í gær. Eftir áralanga bið eftir titli hjá kvennaliði Vals í körfubolta er Valur handhafi allra titla Íslands og er erfitt að sjá nokkurt lið stoppa þær í vetur.

„Það er eðlilegt þegar lið vinnur allt á síðasta tímabili að því sé spáð áframhaldandi velgengni. Við héldum í kjarnann í liðinu og náðum vonandi að styrkja liðið á milli tímabila,“ segir Darri Freyr Atlason, þjálfari Vals, í samtali við Fréttablaðið þegar hann er spurður út í spána.

„Ég held að við fáum verðugri samkeppni í ár heldur en í fyrra, sérstaklega frá KR. Þar er þjálfari ársins á ferðinni, Benedikt Guðmundsson, með frábæran leikmannahóp og mikla breidd. Í dag stefnir þetta í tveggja hesta kapphlaup á toppnum en það mun eitthvert lið bætast við. Það er alltaf eitthvert lið sem kemur á óvart.“

> **Í dag stefnir þetta í tveggja hesta kapphlaup á toppnum.**
>
> Darri Freyr Atlason

Samkvæmt spánni fylgja KR, Haukar og Keflavík Valskonum í úrslitakeppnina í vor en annað árið í röð verður það hlutskipti Breiðabliks að falla niður um deild eftir að Blikar féllu í vor en þáðu sæti Stjörnunnar þegar Garðbæingar drógu lið sitt úr keppni á dögunum. **– kpt**

# Það er í blóði KR-inga að ætlast til að vinna titla

**KÖRFUBOLTI** Samkvæmt árlegri spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna verða KR-ingar Íslandsmeistarar sjöunda árið í röð en spáin var opinberuð í gær. KR hefur haft heljartak á meistaratitlinum í karlaflokki undanfarin ár og unnið meistaratitilinn síðustu sex ár og níu sinnum á síðustu fjórtán árum.

KR fékk vænan liðsstyrk í sumar þegar bræðurnir Jakob Örn og Matthías Orri Sigurðarson, Brynjar Þór Björnsson og Michael Craion komu aftur í KR. Pavel Ermolinskij er horfinn á braut og leikur með nágrannafélaginu Val í vetur en ljóst er að KR hefur á að skipa gríðarlega sterku liði sem er byggt upp af heimamönnum sem þekkja vart neitt annað en að taka á móti Íslandsmeistaratitli á vorin.

„Það er í blóðinu í KR að ætlast til að vinna titla og við þekkjum ekkert annað. Þetta kemur í raun ekkert á óvart,“ segir Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari KR, aðspurður út í árlegu spána sem var birt í gær.

> **KR varð í vor sigursælasta liðið í karlaflokki með átján meistaratitla.**

„Það verða öll lið deildarinnar vel mönnuð sem er afleiðing Bosmanreglunnar. Það styrkir deildina svakalega, gæðin eru orðin meiri og um leið kröfurnar. Ég á ekki von á því að eitthvert eitt lið verði í sérflokki í vetur þó svo að umræðan sé svoleiðis,“ segir Ingi sem segir enn hungur í mönnum eftir sigurgöngu síðustu ára.

„Það er mikið hungur í hópnum og metnaður fyrir því að ná í Íslandsmeistaratitilinn í vor. Það er auðvelt að detta í þægindaramma og gleyma sér en þessi leikmannahópur mun ekki leyfa því að gerast.“

Ef spáin rætist munu nýliðarnir í Þór Akureyri og Fjölnir kveðja deildina í vor eftir stutt stopp. **– kpt**

# UpGrade íþróttadrykkur

Fullir af steinefnum, án koffíns og líka til án kolvetna




**Nýtt í Bónus!**

**98** kr./500 ml

**UpGrade Íþróttadrykkur**
500 ml, 4 teg.

# Foreldað

Aðeins að hita




**1.598** kr./stk.

**Bónus Súpur**
1-1,2 kg, 5 tegundir

**Sparaðu tíma og fyrirhöfn**

**BÓNUS**

**EKKERT BRUÐL**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður ömmu og langömmu,

**Jóhönnu Ólínu Hlífarsdóttur**
(Ólu Hönnu)
frá Norðfirði.

**Hlífar Þorsteinsson**
**Lára Jóna Þorsteinsdóttir**
**Kristinn Steinn Guðmundsson** **Sigurlaug Pálsdóttir**
**Höskuldur Guðmundsson** **Úlfhildur Úlfarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Þökkum innilega auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, sonar og bróður,

**Sveinbjarnar Jónssonar**
Eyjaholti 7, Garði.

Sérstakar þakkir færum við þeim sem hafa gefið í styrktarsjóð barna hans, starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og öllum þeim sem hafa veitt fjölskyldunni aðstoð á þessum erfiðu tímum.

**Marcosa Medico**
**Carter Don Medico**
**Óskar Nikulás Sveinbjarnarson**
**Erna Marsibil Sveinbjarnardóttir**
**Erna Marsibil Sveinbjarnardóttir** **Jón Sverrir Garðarsson**
**Sigrún Eugenio Jónsdóttir**
**Ásta Björg Jónsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
**Vesturhlíð 2**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# Örkin er efni í stórmynd

**Ómar Ragnarsson hlaut fyrsta Græna lundann sem veittur er á RIFF. Við sama tækifæri opnaði Landvernd ljósmyndasýningu í Norræna húsinu í tilefni 50 ára afmælis hennar.**

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF heiðraði Ómar Ragnarsson fyrir ævistarf sitt við kvikmyndun á náttúru landsins og veitti honum heiðursverðlaunin Græna lundann. Guðmundur Ingi umhverfisráðherra afhenti verðlaunin í Norræna húsinu. Þar var líka opnuð ljósmyndasýningin Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur, sem er samstarfsverkefni Ólafs Sveinssonar kvikmyndagerðarmanns og Landverndar.

Ómar hefur alloft fengið verðlaun áður fyrir náttúrumyndir sínar. Á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Canavese á Ítalíu 2004 voru tvenn aðalverðlaun veitt. Hann hlaut önnur þeirra fyrir mynd sína In Memorial sem fjallar um Kárahnjúkavirkjun. BBC fékk hin fyrir mynd um ána Níl. „Þá fann maður til smæðar sinnar, því aðstöðumunurinn var mikill,“ segir Ómar þegar hann rifjar þetta upp.

Árið 2006 hætti Ómar sem fréttamaður. „Ríkisútvarpið var gert að hlutafélagi og það stóð þannig á skrefinu hjá mér að ég var að verða 67 ára. Svo ég notaði tækifærið og valdi að gerast frekar aðgerðasinni. Mitt mat var að ég mundi gera meira gagn þannig. Það var líka alltaf verið að klaga mig fyrir útvarpsráði. Ég hætti 21. september og fimm dögum seinna var farin mótmælaganga vegna Kárahnjúka.“

Ómar safnaði efni í mynd sem hefur vinnuheitið Örkin, því svo hét bátur sem hann notaði mikið þegar lónið var að myndast. „Ég veit ekki til að nokkurs staðar í heiminum hafi það verið myndað frá viku til viku – jafnvel frá degi til dags – þegar jafnstórt land og Hvalfjörður er að sökkva. Örkin átti að vera fullkomin mynd um svæðið, svo er hvorki peningur né tími til að vinna hana og kannski verður hún aldrei að veruleika. En myndefnið er til.“

Spurður að lokum hvernig hann hafi það svarar Ómar: „Ég segi eins og karlinn sem var talað við í lok myndarinnar Hvellur og átti skammt eftir ólifað. „Ég hef það eins gott og ég get ætlast til.““

**gun@frettabladid.is**



**Ómar valdi að hætta sem fréttamaður 67 ára og gerast aðgerðasinni.** MYND/RIFF



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elsa Lára Svavarsdóttir**
handavinnukennari,
Víðilundi 24,

lést að morgni föstudagsins 27. september á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hannes Steingrímsson**
**Svavar Hannesson**
**Steingrímur Hannesson** **Erla Elísabet Sigurðardóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, sambýliskona, tengdamóðir og amma,

**Björg Hauksdóttir Cray**
fyrrv. flugfreyja og glerskeri,

lést 18. september á Hospital De Torrevieja á Spáni. Bálför hefur farið fram. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Katrín Ösp Gústafsdóttir**
**Kristín Eik Gústafsdóttir** **Grétar Þór Guðjónsson**
**Sigurður Tómas Sigurbjarnason**
**Ágúst Freyr Axelsson** **Freyja Ósk Axelsdóttir**
**Thelma Katrín Grétarsdóttir** **Víkingur Þór Grétarsson**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Bjarnason**
Aðalstræti 46,
Þingeyri,

lést 26. september á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði. Útförin fer fram laugardaginn 5. október kl. 14.00 frá Þingeyrarkirkju.

**Soffía Einarsdóttir**
**Ólöf Soffía Gunnarsdóttir**
**Reynir Gunnarsson**
**Þór Gunnarsson**
**Brynjar Gunnarsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Jónsdóttir**
Smáraflöt 5, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, 16. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát hennar og útför.

**Sigríður Svavarsdóttir** **Haukur Hannesson**
**Sigrún Svavarsdóttir** **Jóhann Þórðarson**
**Viðar Svavarsson** **Fjóla Ásgeirsdóttir**
**Jón Karl Svavarsson** **Helga Sesselja Ásgeirsdóttir**
**Jökull Freyr Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 1. OKTÓBER 2019



Vala Mörk þjálfar aðra ketilbjölluþjálfara og segir að ketilbjöllur bjóði upp á fjölbreytt notagildi og ýmis þægindi. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

# Notadrjúgt verkfæri sem hentar öllum

Vala Mörk, helsti ketilbjöllusérfræðingur Íslands, segir að ketilbjöllur séu gagnleg æfingatæki sem bjóða upp á fjölbreytta notkunarmöguleika, þægindi og gott skemmtanagildi. Það þarf bara að kunna réttu handtökin. →2

ENZYMEDICA.

Meltu betur!



Framhald af forsíðu ➜

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Vala Mörk er iðjuþjálfi og hefur starfað sem þjálfari síðan árið 1999. Hún og eiginmaður hennar kynntust ketilbjöllum á netinu fyrir um 13 árum og voru leiðandi í að kynna þetta æfingatæki fyrir Íslendingum. Í dag er Vala yfirþjálfari Kettlebells Iceland, reyndasti ketilbjölluþjálfari á Íslandi og starfar við að þjálfa aðra ketilbjölluþjálfara. Það má því kalla Völu helsta ketilbjöllusérfræðing Íslands.

„Maðurinn minn fann þetta á netinu á sínum tíma og við fórum saman á þjálfaranámskeið í Kaupmannahöfn árið 2006, sem var það fyrsta sinnar tegundar í Evrópu,“ segir Vala. „Þar kynntumst við þjálfurunum Pavel Tsatsouline og Steve Maxwell, sem sáu um námskeiðið, en Pavel á heiðurinn af því að hafa kynnt ketilbjöllur fyrir Bandaríkjamönnum með hjálp Maxwell.“

## Eini Master Trainer heims

„Út frá þessu námskeiði mynduðust persónuleg tengsl við Maxwell og í nokkur ár kom hann árlega til Íslands til að halda námskeið,“ segir Vala. „Maxwell er mjög virtur alþjóðlegur þjálfari sem er mjög þekktur í þessum heimi og hann kenndi mér mikið. Ég tók level 1 og level 2 námskeið hjá honum og í framhaldi af því fór ég í vikulangar búðir hjá honum, sem ég vil ekki kalla pyntingabúðir, en voru mjög strangar. Hann fór með mig í gegnum alls konar æfingar dag eftir dag þar sem ég þurfti að sanna mig, þannig að þetta varð ákveðin vígsla. Eftir það fékk ég Master Trainer titil frá Maxwell, sem er mjög stór viðurkenning og mér skilst að ég sé sú eina í heiminum sem hefur fengið þennan titil.

Eftir það fór ég að þjálfa ketilbjölluþjálfara og kenna þeim að brjóta æfingar niður og kenna þær,“ segir Vala. „Í dag er ég búin að fara á öll möguleg námskeið sem tengjast bjöllum, bæði hjá rússneskum og bandarískum þjálfurum og ég er líka með CrossFit-þjálfararéttindi.

Á þessum tíma vissi enginn á Íslandi hvað ketilbjöllur voru og þær fengust ekki hér, svo við fórum að flytja inn bjöllur sjálf og fórum svo í gang með hóptíma. Það byrjaði smátt og svo hefur þetta vaxið,“ segir Vala. „Þekkingin jókst svo rosalega þegar ketilbjöllur fóru að vera notaðar í CrossFit-þjálfun og um svipað leyti hættum við að flytja bjöllur inn. Nú eru Sportvörur einn stærsti innflytjandinn og þar er hægt að fá flottar bjöllur.“

## Rétt handtök skipta öllu

*En hvað er ketilbjalla eiginlega?*

„Ketilbjalla er kúlulaga lóð með handfangi sem setur allt öðruvísi álag á líkamann en t.d. handlóð út af forminu,“ segir Vala. „Ketilbjöllur setja miklu meiri stöðugleikakröfur á líkamann en handlóð, þannig að þú færð meira út úr bjöllunni en handlóðum að ýmsu leyti. Það er líka stór plús að það hægt að gera rosalega margar ólíkar æfingar með einni ketilbjöllu og fyrir vikið getur þetta verið ódýr líkamsrækt. Ef þú hefur ekki aðgang að líkamsræktarstöð eða vilt ekki æfa þar geturðu sett upp upphífingastöng heima fyrir og keypt þér bjöllu og þá ertu rosalega vel settur.“

Það er algjört grundvallaratriði að læra réttu handtökin áður en maður byrjar að æfa með ketilbjöllur.

„Af því þær eru sakleysislegar í útliti hættir fólki til að vanmeta mikilvægi þess að læra réttu handtökin áður en það byrjar að æfa með ketilbjöllur,“ segir Vala. „Flestar líkamsræktarstöðvar bjóða upp á bjöllur í dag, en það getur verið erfitt að fá kennslu og það þarf að passa það vel að kennarinn hafi kennararéttindi á bjöllur. Það eru margir að kenna röng handtök eða kenna þau ekki nógu vandlega. Sumir sem hafa starfað lengi í líkamsræktargeiranum byrja að nota bjöllur án þess að kynna sér þær sérstaklega, en þú verður að þekkja þetta í ræmur áður en þú kennir.

Ég mæli heldur alls ekki með því að fólk fari á Youtube til að kynna sér æfingar, því það er mikið af vitleysum sem er kennt þar sem getur ruglað mann,“ segir Vala. „Þá er líka enginn til að benda þér á það ef þú beitir þér rangt.

Við bjóðum upp á kennslumyndbönd á Youtube þar sem farið er yfir helstu punkta um hvað á að passa, en það er best að byrja á að sækja sér smá kennslu til að læra rétta líkamsbeitingu, til dæmis með því að koma á grunnnámskeið hjá okkur eða öðrum ketilbjölluþjálfurum,“ segir Vala. „Eftir það geturðu farið að æfa ein(n) með bjöllur og skoðað netið til að fá hugmyndir.“

## Fjölbreytt verkfæri

Vala segir að það sé auðvelt að bæta bæði þol og styrk með ketilbjölluæfingum. „Það er líka gott að nota bjölluna til að auka úthald samhliða því að vinna með styrk. Nýjar rannsóknir mæla gegn því að taka mjög margar endurtekningar í beit af svokölluðum „ballistic æfingum“, sem eru t.d. ketilbjöllusveiflan, „snatch“ og fleira. Betra er að skipta æfingunum upp í styttri lotur,“ segir Vala. „Ein bjalla getur sem betur fer boðið upp á mjög marga möguleika í æfingum og það er líka stundum hægt að gjörbreyta æfingu einfaldlega með því að snúa bjöllunni við og þannig auka áherslu á stöðugleika, sem er undirstaða styrks.

Það er því margþættur ávinningur af bjöllunni, en hún er samt ekki svarið við öllu, heldur bara eitt af fjölmörgum góðum verkfærum sem gagnast við að komast í form og halda sér við,“ segir Vala. „Það er margt annað gott til og við notum mikið af líkamsþyngdaræfingum og ýmsu öðru í bland við ketilbjöllur. Það er ekkert eitt rétt svar þegar kemur að líkamsrækt, fjölbreytnin er alltaf best. En ketilbjöllur bjóða upp á mikla fjölbreytni.“

## Hentar hverjum sem er

Vala segir að hver sem er geti æft með ketilbjöllur. „Hvort sem þú hefur veikan eða sterkan líkama er alltaf hægt að finna æfingar við hæfi ef þjálfarinn hefur hugmyndaflugið og þekkinguna í það,“ segir Vala. „Þess vegna eru þær til dæmis notaðar af sjúkraþjálfurum og íþróttafræðingum sem sinna endurhæfingu á Reykjalundi.“

Það eru líka mjög margar þyngdir í boði í dag, allt frá 2 kílóum, sem Vala kallar hálfgerða lyklakippu, upp í 80 kíló. Það geta því allir fundið sér þyngd við hæfi.

„Fólk sem kemur að læra á ketilbjöllur sér möguleikana og þá kviknar oft rosalega mikill áhugi og fólk fer að hafa svo gaman af bjöllum að það saknar þeirra á ferðalögum,“ segir Vala. „Skemmtanagildið í ketilbjöllum er helvíti mikið og það getur kveikt almennan áhuga á að hreyfa sig. Ef þú finnur hreyfingu sem þú hefur gaman af og kallar á þig er það frábært.“

**„Hvort sem þú hefur veikan eða sterkan líkama er alltaf hægt að finna æfingar við hæfi ef þjálfarinn hefur hugmyndaflugið og þekkinguna í það.**




Vala Mörk er yfirþjálfari Kettlebells Iceland og reyndasti ketilbjölluþjálfari landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Það þarf að læra rétta líkamsbeitingu áður en maður sveiflar ketilbjöllum.



Vala segir að það sé ekkert eitt rétt svar þegar kemur að líkamsrækt.






Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi Mage** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.
*- Sigríður Rita Ragnarsdóttir*

abel heilsuvörur **www.abelheilsuvorur.is**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 1. OKTÓBER 2019




# Audi Q5 er aflmikill ljúflingur

Tengiltvinnbíll Audi Q5 er mjög vænlegur kostur sökum þess hve hann fellur í lágan vörugjaldsflokk. Uppgefin eyðsla Audi Q5 TFSI e á hverja 100 ekna kílómetra er 2,1 lítri. →6




# Óljós framtíð bílasýningar

Núna er bílasýningin í Frankfurt afstaðin og í ljósi þess hve margir þekktir bílaframleiðendur völdu að taka ekki þátt í sýningunni að þessu sinni og síminnkandi þátttöku bílaframleiðenda á undanförnum árum er eðlilegt að forsvarsmenn sýningarinnar velti fyrir sér framhaldinu. Bílaframleiðendurnir Toyota, Peugeot, Citroën, Nissan, Kia, Volvo, Ferrari og Fiat Chrysler voru á meðal þeirra framleiðenda sem völdu að taka ekki þátt að þessu sinni og það veldur eðlilega áhyggjum. Því er verið að velta fyrir sér framhaldinu og til greina kemur að sýningin muni í framtíðinni meira snúast um nýja tækni og samgöngur almennt en afurðirnar sjálfar, þ.e. bílana.

**BMW og Benz minnkuðu við sig þetta árið**

Það gæti glætt sýninguna nýju lífi, en að minnsta kosti er áherslubreytinga þörf í ljósi minni þátttöku framleiðendanna og reyndar gesta á sýningunni líka. Þýskir bílaframleiðendur sem eðlilega hafa verið með mikinn sýnileika á

> » BMW minnkaði sýningarsvæði sitt og kostnað um tvo þriðju.

Frankfurt-bílasýningunni gegnum árin skáru hressilega niður á sýningunni núna. BMW minnkaði sýningarsvæði sitt og kostnað um tvo þriðju og Mercedes Benz skar niður um 30%, en sýningarsvæðið í heild þetta árið minnkaði um 16%, en nam samt 15.300 fermetrum. Búist var við 8-900.000 gestum þetta árið en tölur um þátttöku þetta árið hafa ekki enn verið birtar.



BMW skar niður um 30% þetta árið.


Úr bílaverksmiðju Ford Motor Co. á Indlandi.

# Mahindra og Ford Motors sameinast

Ford Motor Co. Og Mahindra & Mahindra í Indlandi eru líklega að ganga frá samkomulagi í þessari viku um stofnun sameiginlegs framleiðslufyrirtækis á Indlandi. Með því mun sjálfstæður rekstur Ford leggjast af í landinu. Samningaviðræður hafa staðið í marga mánuði og mun endanlegur samningur hljóða upp á 49% eign Ford og 51% eign Mahindra í fyrirhuguðu bílafyrirtæki. Þeir starfsmenn sem tilheyrt hafa Ford í Indlandi munu þá flytjast yfir í hið fyrirhugaða nýja fyrirtæki, ásamt eignum Ford í Indlandi. Ford mun þó halda sjálfstæðri vélaverksmiðju sinni í Gujarat. Miklar breytingar hafa verið á rekstri Ford um allan heim að undanförnu og hefur fyrirtækið til dæmis lagt af margar fornfrægar bílgerðir sínar á stórum bílamörkuðum.

**Fjárfesting Ford á Indlandi mun nýtast betur**

Allar þessar aðgerðir hafa haft það eina augnamið að snúa taprekstri í hagnað og markmiðið er að spara 11 milljarða dollara í rekstri á næstu fimm árum. Framleiðslugeta Ford nú á Indlandi er 440.000 bílar í tveimur verksmiðjum og munu þær renna inn í fyrirhugað samstarfsfyrirtæki Ford og Mahindra. Markaðshlutdeild Ford á Indlandi er nú sem stendur um 3%, en Suzuki hefur yfirburða hlutdeild í landinu með um 50%. Ford lítur svo á að með samstarfinu með Mahindra verði fjárfesting Ford á Indlandi nýtt betur og skili sér á endanum, en svo hefur ekki verið fram að þessu. Ford og Mahindra munu þróa nýja bíla sína fyrir Indlandsmarkað í samstarfi, þar á meðal jepplinga og rafmagnsbíla.

BÍLAR
www.frettabladid.is
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000


Samkvæmt dómstólum hefur dísilvélasvindl Mercedes-Benz staðið yfir allt frá árinu 2008.

# Daimler greiðir marga milljarða í dísilsektir

Rannsóknir þýskra dómstóla hafa staðið frá árinu 2015 þegar upp komst um dísilvélasvindl Volkswagen.

Þýskir dómstólar hafa lagt 120 milljarða króna sekt á Daimler, móðurfélag Mercedes-Benz. Daimler mun ekki áfrýja þessum dómsúrskurði. Dómstólar í Þýskalandi hafa rannsakað marga bílaframleiðendur vegna dísilvélasvindls allt frá árinu 2015, er svindl Volkswagen komst upp. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós að það voru miklu fleiri bílaframleiðendur en Volkswagen sem gerst höfðu sekir um dísilvélasvindl sem virkuðu þannig að í mælingum menguðu bílar þeirra með dísilvélar miklu minna en í hefðbundnum akstri.

**Svindlið staðið allt frá 2008**

Rannsóknir þýskra dómstóla leiddu í ljós að svindl Mercedes-Benz hafði staðið allt frá árinu 2008. Í kjölfar þessa dóms hafa hlutabréf í Daimler fallið um 0,7% en áður en dómurinn féll var

> » Daimler hefur gert ráð fyrir heilmiklum sektum í bókum sínum.

nokkuð ljóst að Daimler myndi þurfa að þola háa sekt vegna svindlsins, en sektin virðist ekki hafa komið markaðsaðilum mikið á óvart. Daimler á einnig von á sektum í Bandaríkjunum, en fyrirtækið hefur gert ráð fyrir heilmiklum sektum í bókum sínum og fært verulega niður áður áætlaðan hagnað sinn fyrir þetta ár.

# Forstjóri JLR segir verð á rafhlöðum ekki á niðurleið

Svarið við því sé fólgið í að framleiða rafmagnsbíla með minni rafhlöður og þétta hleðslustöðvanetið.

Ralf Speth, forstjóri Jaguar Land Rover, hefur varað við því að svo virðist sem verð á rafhlöðum í bíla muni ekki lækka á næstu þremur til fimm árum og það muni endurspeglast í verði rafmagnsbíla. Svarið við þessu vandamáli sé að framleiða rafmagnsbíla með minni rafhlöður en í leiðinni tryggja að hleðslunetin verði þéttari til að koma í veg fyrir „drægniótta“ meðal eigenda rafmagnsbíla. Með því að minnka rafhlöðurnar í rafmagnsbílum megi bjóða ódýrari slíka bíla en eru að koma á markað um þessar mundir.

**Rafhlöður dýrasti hlutinn**

Forstjóranum finnst að verð rafmagnsbíla sé nú of hátt og að það sé aðallega vegna dýrasta hluta þeirra, nefnilega rafhlaðnanna. Ralf Speth er sannfærður um að rafmagnsbílar séu framtíðin og með tímanum verði byggt nægilega þétt net hleðslustöðva, en að minnsta kosti í Bretlandi sé það ekki nógu þétt og líklega eigi það við í flestum löndum. Jaguar framleiðir rafmagnsjeppann I-Pace sem fengið hefur frábærar móttökur, en hann er með 65.000 punda verðmiða og risastórar 90 kWh rafhlöður sem duga til 470 km aksturs. Því má fullt eins búast við því að Jaguar muni bjóða jeppann góða með minni rafhlöðum á lægra verði, ef forstjórinn er sjálfum sér samkvæmur.


Jaguar I-Pace rafmagnsjeppinn fær góðar móttökur. NORDICPHOTOS/GETTY

> » Risastórar 90 kWh rafhlöður Jaguar rafmagnsjeppans I-Pace duga til 470 km aksturs.




**Einfalt reikningsdæmi: 3+4 = 7 ára ábyrgð**

Toyota á Íslandi býður sjö ára ábyrgð með öllum nýjum bílum. Frá stofnun hefur Toyota vandað sig við að rækta sambandið við viðskiptavini með öflugri þjónustu. Með sjö ára ábyrgð Toyota leggjum við grunninn að enn betra langtímasambandi.

**Kynntu þér 7 ára ábyrgð Toyota nánar á toyota.is**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

# BÍLAR



VW Cross verður svipaður að stærð og í verði og VW Tiguan jepplingurinn.

## VW Crozz þremur milljónum ódýrari en Tesla Model Y

Markmiðið hjá Volkswagen með smíði rafmagnsbíla sinna er að þeir verði ekki dýrari en forverar þeirra sem drifnir voru áfram með jarðefnaeldsneyti og það sýndi sig þegar verð var kynnt á nýjasta rafmagnsbíl Volkswagen, ID 3. Næsti rafmagnsbíll Volkswagen, sem eins og er gengur undir nafninu Crozz eða ID 4 og verður hann á stærð við Tiguan, er líka jepplingur og á að kosta svipað og Tiguan. Það myndi þýða að hann verður um þremur milljónum króna ódýrari en fyrirhugaður Tesla Model Z sem er svipaður bíll að stærð og Crozz og líka jepplingur. Að auki segir Volkswagen að rafmagnsbílar þeirra eigi að öllu leyti að vera betri en bílar Tesla.

**» Að auki segir Volkswagen að rafmagnsbílar þeirra eigi að öllu leyti að vera betri en bílar Tesla.**

Ef Volkswagen tekst þetta má Tesla aldeilis fara að vara sig. Rétt er að hafa í huga að Volkswagen Group er stærsta bílafyrirtæki heims og framleiðir um 10 milljón bíla á ári á meðan Tesla er ungt fyrirtæki sem hefur ekki enn náð 300.000 bíla sölu á ári og ekki vant þeirri magnframleiðslu bíla sem hið rótgróna Volkswagen fyrirtæki hefur svo mikla reynslu af.

# Sala dísilbíla eykst

Bílaframleiðendum hefur tekist að ná svo gríðarlega niður NOx-mengun að dísilvélar menga ekkert meira en bensínvélar.



Mercedes Benz GLE á pöllunum í Frankfurt.

Á bílasýningunni í Frankfurt greindi forstjóri Mercedes-Benz, Ola Källenius, frá því að sala á dísilknúnum bílum hefði aftur aukist eftir hraða minnkun í kjölfar dísilvélasvindlsins. Hann taldi þetta til merkis um áframhaldandi tilvist dísilvélarinnar á dögum þar sem flestir hafa spáð henni dauða á næstu árum. Hann benti enn fremur á að dísilvélar eyða 15-20% minna eldsneyti en bensínvélar og að bílaframleiðendum hefði tekist að ná svo gríðarlega niður NOx-mengun þeirra að þær mengi ekkert meira en bensínvélar.

### Kynntu GLE með dísilvél og rafmótorum

Hjá Mercedes-Benz hefur sala dísilbíla minnkað aðeins frá því sem mest var, en á síðustu mánuðum hafi hlutfall þeirra aukist aftur. Það eigi reyndar við hjá fleirum þar sem heildarsala dísilbíla hafi aukist aftur að undanförnu. Aðspurður sagði Källenius þó að hann væri ekki viss um framtíð dísilbíla, en sagðist þó vera hóflega bjartsýnn. Á bílasýningunni í Frankfurt kynnti Mercedes-Benz til leiks glænýtt flaggskip sitt í jeppaflokki, þ.e. GLE sem er bæði knúinn rafmagni og dísilvél, svo þar á bæ er ekki búið að rita grafskrift dísilvélarinnar. Til gamans má geta að flaggskip Audi í jeppaflokki, Audi Q7 e-tron, er líka knúinn rafmagni og dísilvél og sportútgáfa hans, SQ7, er eingöngu með 435 hestafla dísilvél.

**» Dísilvélar eyða 15-20% minna eldsneyti en bensínvélar.**







*Það er alltaf Suzuki veður!*

Suzuki á Íslandi

**Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

KOSTIR OG GALLAR

**AUDI Q5 TFSI E**

- RAFMÓTORAR OG 2 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 367 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla:** 5,4 l./100 km í bl. akstri
**Mengun:** 46 g/km CO2
**Hröðun:** 5,3 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 238 km/klst
**Verð frá:** 8.490.000 kr.
**Umboð:** Hekla

- Akstursgeta
- Innanrými
- Búnaður
- Útlit

- Skottstærð, ekki pláss fyrir varadekk



# Aflmikill ljúflingur

## Audi Q5 tengiltvinnbíll sem er skráður fyrir meira afli en SQ5 kraftaútgáfan er frábær aksturbíll.



Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

Þeim fjölgar nú óðum tengiltvinnbílunum og á næstu árum verður sú fjölgun enn hraðari. Tengiltvinnbílar er í raun millistökkið upp í rafmagnsbíla og hentugir að því leyti að eigendur þeirra geta gleymt öllum „drægnisótta“, því þegar rafmagn þeirra þverr tekur brunavél við. Þessum bílum hafa Íslendingar tekið opnum örmum og hafa þeir selst í enn meira magni en hreinræktaðir rafmagnsbílar. Ekki er að undra á meðan þéttleiki hleðslunets landsins er ekki meira. Einn þessara nýju tengiltvinnbíla er Audi Q5 TFSI e og var hann tekinn til kostanna í síðustu viku.

Audi hefur farið bratt í rafmagnsvæðinguna enda hluti af Volkswagen Group sem fyrirtækja helst ætlar að snúa framboði sínu frá bílum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti í rafmagn. Fyrir hjá Audi er tengiltvinnjeppinn Q7 e-tron, A3 e-tron og Audi e-tron Quattro sem eingöngu ganga fyrir rafmagni. Flest bendir til þess að sala Audi Q5 muni færast yfir á þessa tengiltvinnútfærslu hans, að minnsta kosti á meðan ríkið viðheldur tollaleysi svona bíla. Það hefur sýnt sig að kaupendur á Íslandi velja þá umfram sömu bíla eingöngu með brunavélum og ekki síst í lúxusbílaflokki. Hvort sem það er vegna umhverfissjónarmiða eða verðmiða þeirra og hvað þá vegna lægri rekstrarkostnaðar þeirra. Þeir eru komnir til að vera.

### Aflrásin er 367 hestöfl

Audi Q5 TFSI e er sko enginn aumingi er kemur að afli en drifrás hans er 367 hestöfl og kemur 141 hestafl eingöngu frá rafmagnsmótorum hans en restin frá 2,0 lítra öflugri bensínvél með forþjöppu. Enda er bíllinn aðeins 5,3 sekúndur í 100 km hraða og togið er ekki dónalegt, eða 370 Nm. Bíllinn kemst um 40 kílómetra á rafmagninu og reyndist það standast mjög vel í reynsluakstrinum.

Þannig var mjög gaman að aka bílnum og aflið nægilega mikið til að skemmta bílstjóra. Þessi lúxusbíll líður áfram hljóðlaust og það vottar fyrir ákveðinni umhverfisgleði við að aka honum svona aðeins á rafmagninu. Bílar með þessa drægni á rafmagninu duga mörgum í allt daglegt amstur um höfuðborgina og fyrir vikið fara eigendur þeirra sjaldan á bensínstöðvarnar. Gleðin hverfur þó ekki við það að rafmagnið klárist því eftir stendur mikið afl og bíllinn er áfram þrælskemmtilegur og hann heldur áfram að hlaða sig meira rafmagni þegar farið er af bensíngjöfinni. Ávallt er einhver aflaukning til staðar í því sem bíllinn hleður inn af rafmagni. Þó svo að upphafshleðslan væri uppurin gekk bíllinn stundum fyrir vikið aðeins á rafmagninu og algert hljóðleysið tók aftur við. Reyndar er bíllinn svo hljóðlátur þó svo brunavélin gangi að erfitt getur reynst að greina hvenær hún er í gangi eða ekki. Þetta er jú lúxusbíll.





> Drifrás Audi Q5 TFSI e er 367 hestöfl og kemur 141 hestafl eingöngu frá rafmagnsmótorum hans en restin frá 2,0 lítra öflugri bensínvél með forþjöppu.



### Frábær akstursbíll troðinn lúxus

Akstur þessa bíls er hreinn unaður og kemur það ekki á óvart með Audi-bíl. Aksturshæfnin er óumdeild, hvort sem ekið er um höfuðborgina eða farið út fyrir hana. Vara verður sig á hraðanum því fyrir honum finnst ekki og stóð ökumaður sig oft að því að vera kominn norður fyrir leyfilegan hámarkshraða og þá var rétt að slaka aðeins á. Bíllinn er í alla staði frábær að umgangast og sitja í. Lúxusinn umvefur mann og innrétting bílsins færir mann upp á hæsta stall, en innréttingar Audi setja eiginlega staðal fyrir aðra bílaframleiðendur að ná, nema þá helst Porsche.

Mjög vel ætti að fara um aftursætisfarþega og er hann mjög rúmur aftur í. Skottið er sæmilega stórt, eða 450 lítrar. Það er þó 95 lítrum minna en í hefðbundnum Q5 vegna rafhlaðnanna og það er ekkert pláss fyrir alvöru varadekk fyrir vikið. Smá ókostur þar. Það er dálítið magnað að þessi Audi Q5 TFSI e bíll er skráður fyrir meira afli en Audi SQ5 frá sportbíladeild Audi. Hann er engu að síður aðeins seinni í hundraðið, sem nemur þó aðeins 0,2 sekúndum og skýrist það af þunga rafhlaðnanna. Þessi bíll er þó talsvert ódýrari og því líklega betri kostur og ekki skemmir umhverfismildi hans. Til samanburðar við bíla annarra framleiðenda má nefna að hann er sneggri en Volvo XC60 T8 sem þó er skráður fyrir meira afli. Auk þess er hann skemmtilegri í akstri.

### Tikkar í boxin

Uppgefin eyðsla Audi Q5 TFSI e er 2,1 lítrar á hverja 100 ekna kílómetra og mengunartalan 46 g/km $CO_2$ setur hann í afar hagstæðan vörugjaldsflokk. Þess vegna er bíllinn afar góður kostur í samanburði við hefðbundinn Q5 og sams konar bíla annarra framleiðenda. Hann kostar samt skildinginn, eða frá 8.490.000 krónum. Það fær suma til að bera hann saman við hinn stærri Audi Q7 e-tron sem einnig er frábær bíll. Þar fara ferlega fallegir bílar að innan sem utan, hlaðnir lúxus og báðir frábærir lúxusbílar. Fyrir flesta er Q5 TFSI e þó nægilega stór bíll og hefur þann kost umfram hinn að hann er sýnu skemmtilegri í akstri, sneggri og ódýrari. Það er full ástæða til að mæla með honum þessum.

BÍLAR

# Helmingur Volvo-bíla vestanhafs langbakar

Langbakar hafa á undanförnum árum farið halloka víða í heiminum fyrir jepplingum en á síðustu 5-6 árum hefur til dæmis sala jepplinga, jeppa og pallbíla í Bandaríkjunum vaxið um 75%. Það er þó lífsvon fyrir langbaka (station-bíla) þar í landi eins og víða annars staðar nú um mundir því sala þeirra hefur vaxið um 29% frá árinu 2012. Einn þeirra bílaframleiðenda sem selja mikið af langbökum í Bandaríkjunum er Volvo, en af sölu allra Volvo-bíla vestanhafs er um helmingur langbakar.

### Betri kaup en í jepplingum

Volvo selur einar níu bílgerðir í Bandaríkjunum sem stendur og fjórar þeirra eru langbakar. Fyrir utan XC90, XC60 og XC40 jeppana selur Volvo S90 og S60 og langbaksgerðir þeirra, V90 og V60 og Cross Country útfærslur þeirra að auki. Þessir langbakar telja um helming af allri sölu í Bandaríkjunum. Margir vilja meina að í langbökum séu almennt betri kaup en jepplingum þar sem þeir eru allra jafna akstursþæfari bílar og eru að auki með meira flutningsrými. Svo þykir mörgum þeir almennt fallegri bílar. Ekki sakar ef þeir eru fjórhjóladrifnir, eins og reyndar margir þeirra eru og eru þeir þá engir eftirbátar jepplinga er kemur að torfærari vegum.


Langbakar eru engir eftirbátar jepplinga á torfærum vegum, sérstaklega ekki ef þeir eru fjórhjóladrifnir.

**» Margir vilja meina að í langbökum séu almennt betri kaup en jepplingum þar sem þeir eru allra jafna akstursþæfari bílar.**



Vauxhall vonast eftir aukinni markaðshlutdeild vegna þjóðernistilfinninga.

# Vauxhall gæti grætt á Brexit

Gangi Bretland úr Evrópusambandinu án samninga telur forstjóri breska bílaframleiðandans Vauxhall að fyrirtækið gæti aukið sölu sína fyrir vikið. Ástæðu þess væri að leita í þjóðernishyggju íbúa Bretlands sem myndu þá í meira mæli sækja í breska framleiðslu og sniðganga vörur annarra Evrópuþjóða. Forstjóri Vauxhall, Stephen Norman, sagði að breski bílamarkaðurinn væri nú mjög erfiður, hann hefði yfirhitnað og seljendur væru nú að vandræðast með að selja þá alltof mörgu bíla sem þeir hefðu pantað í bjartsýniskasti í byrjun árs. Það hefðu þeir gert til að ná að mæta sífellt harðari $CO_2$ reglugerðum.

### Vauxhall með 7,7% hlutdeild

Þrátt fyrir erfitt árferði hefði Vauxhall þó náð að endurheimta þá 0,2% markaðshlutdeild sem fyrirtækið tapaði í fyrra og stendur nú í 7,7% í Bretlandi. Forstjórinn sagði að ef Bretland færi án samnings úr Evrópusambandinu væri Vauxhall tilbúið með herferð sem höfðaði til breskrar framleiðslu með yfirskriftinni „British brand since 1903“ og að sú herferð myndi fá fólk til að brosa. Það myndi ekki koma honum á óvart að Vauxhall yki við markaðshlutdeild sína með henni og „Hard-Brexit“ útgöngu.

**» Vauxhall er tilbúið með herferð sem höfðar til breskrar framleiðslu með yfirskriftinni „British brand since 1903.**










BÍLAR

# Porsche hyggur á ofurrafmagnsbíl með Rimac

Fyrir skömmu jók Porsche eignarhald sitt úr 10% í 15,5% í rafmagnsbílaframleiðandanum Rimac, en króatíska fyrirtækið Rimac framleiðir mjög öfluga rafmagnsbíla. Búast má við að samstarf fyrirtækjanna verði mikið á næstunni og afrakstur þess verði meðal annars ofuröflugur rafmagnsbíll sem setja myndi nýja mælistiku á getu rafmagnsbíla. Porsche segir að það sé ávallt markmið fyrirtækisins að bjóða sportlegasta akstursbílinn í hverjum flokki bíla. Porsche býst við að hröð þróun verði í rafhlöðum á næstu árum og að þau verði talsvert öflugri og léttari og henta því enn betur fyrir sportbíla en í dag.



Porsche hyggst framleiða kraftmikinn ofurbíl sem að öllu leyti eða hluta til verður knúinn af rafmagni.

### Búast má við 1.000 hestafla rafknúnum Porsche ofurbíl

Eitt er þó víst hvað Porsche varðar, að þeirra sögn, að frá þeim muni bjóðast nýr ofurbíll. Í hvers konar formi hann verður er ekki ljóst enn, það er hvort að hann verði að öllu leyti knúinn rafmagni, eða einungis að hluta.

Samkvæmt þessum áætlunum má búast við bíl með vart minna afl en 1.000 hestöfl, líklega öllu meira og ætti hann að slá við bílum eins og Mercedes-AMG One og Aston Martin Valkyrie. Slíkur bíll gæti enn fremur fengið útlit Porsche 917 Living Legend Concept tilraunabílsins sem Porsche hefur þegar sýnt almenningi.


Búast má við rafknúnum BMW Mini í tilefni 60 ára afmælissögu Mini.

## Mini rafmagnsbíll kemur á nýju ári

Hönnuðir Mini hjá BMW Group eru þessa dagana að leggja lokahönd á hönnun nýs rafbíls, Mini EV, sem fer í framleiðslu fyrir árslok í tilefni 60 ára afmælissögu Mini á árinu. Áhugasömum hér á landi gefst reyndar kostur á að forpanta rafbílinn með því að skrá sig á lista á heimasíðu BL. Mini Electric var kynntur formlega á bílasýningunni í Frankfurt í september nýliðnum. Hinn nýi rafmagnsbíll Mini nýtur fjölmargra tæknilausna rafbíladeildar BMW Group og segja hönnuðirnir að enginn sem þekki Mini verði svikinn af eiginleikum nýja fjölskyldumeðlimsins enda sé allt til staðar sem gerir Mini að Mini. Ekki hvað síst þegar upphaflegi þriggja dyra bíllinn er hafður í huga, en þangað sækir Mini EV fyrst og fremst eiginleika sína og útlit.

**» Mini EV er þriggja dyra borgarbíll í ætt við goðsögnina frá sjöunda áratug síðustu aldar, sem talinn er annar áhrifamesti bíll 20. aldarinnar.**

### Þriggja dyra borgarbíll

Mini EV er þriggja dyra borgarbíll í ætt við sígildu goðsögnina frá sjöunda áratug síðustu aldar, sem talinn er annar áhrifamesti bíll 20. aldarinnar.

Mini EV er framdrifinn eins og sá sígildi, sem uppfærður hefur verið til samræmis við nútímakröfur um umhverfismildi.

Því er tímamótabíllinn búinn 190 hestafla rafmótor og 33 kW rafhlöðu og hámarkshraðinn um 150 km/klst. Hröðun úr kyrrstöðu í 100 km/klst. er um 7 sekúndur og drægni rafhlöðunnar um 230 km. Það ætti að nægja flestum í borgarumferðinni þar sem Mini EV nýtur sín best eins og goðsögnin.

# Japanskeisari ferðast um á Toyota Century

## Viðhafnarbíll Japanskeisara verður Toyota Century og leysir hann af hólmi Rolls Royce Corniche III.

Toyota Century er bílgerð sem Íslendingar almennt þekkja ekki, enda hefur hann aldrei verið seldur hérlendis. Hann hefur þó verið í framleiðslu í Japan í næstum 60 ár, eða frá árinu 1960, og er ein af lífseigustu bílgerðum Toyota og almennt í Japan. Í Japan var nýr keisari kynntur í maí á þessu ári og verður hann krýndur með viðhöfn þann 22. október næstkomandi. Til þess þarf náttúrulega viðhafnarbíl og til verksins hefur verið valinn þessi lífseigi Toyota Century lúxusbíll. Hefur eintakið sem Naruhito keisari kemur á til krýningarinnar misst þakið og er því eins konar blæjubíll. Búist er við því að leiðtogar 190 landa verði viðstaddir þegar Naruhito verður settur í embætti svo það er


Toyota Century hefur verið framleiddur í Japan í tæp sextíu ár en hann hefur aldrei verið seldur hér á Íslandi.

**» Aftursæti bílsins er hærra en í venjulegum Toyota Century bíl svo Naruhito hafi betra útsýni og sjáist betur.**

um að gera að líta vel út þegar að stóra deginum kemur.

### Engin smásmíði og mikið afl

Toyota Century bíll Naruhito er engin smásmíði því bíllinn er 5,5 metra langur og með 5,0 lítra V8 vél skrifaða fyrir 425 hestöflum, en það er sama vél og finna má í Lexus LS600h bílnum. Aftursæti bílsins er hærra en í venjulegum Toyota Century bíl svo Naruhito hafi betra útsýni og að hann sjáist betur þegar honum er ekið um götur Japan. Nýi Toyota Century bíllinn er fyrsti nýi bíll keisarans í Japan í 30 ár, en sá bíll sem notaður hefur verið þessi 30 ár er Rolls Royce Corniche III, en nú er komið að viðhafnarbíl frá heimalandinu.

# Volvo XC40 lækkar um 1,4 milljónir

Með tilkomu tengiltvinnútfærslu Volvo XC40 lækkar verð ódýrustu útfærslu bílsins um 1.400.000 krónur og munar um minna. Það skýrist af því að á hann falla engin vörugjöld né virðisaukaskattur. Lágt mengunargildi hans setur bílinn í gjaldalausan vörugjaldsflokk og af fyrstu 6 milljónum í bílakaupum reiknast heldur engin virðisaukaskattur. Volvo XC40 T5 PHEV er sjöundi tengiltvinnbíllinn sem Volvo kynnir til leiks. Volvo tengiltvinnbílar eru knúnir áfram af annars vegar bensínvél og hins vegar rafmagnsmótor sem fær orku úr rafhlöðu sem hægt er að hlaða á stuttum tíma. Volvo XC40 tengiltvinnbíllinn er hluti af þeirri stefnu Volvo að allar gerðir bíla þess verði fáanlegar í rafmagnaðri útgáfu.

### 80% Volvo-bíla sem seldir eru hér á landi eru vistvæn

Nú býður Volvo sjö gerðir tengiltvinnbíla og reiknar með að árið 2025 verði a.m.k. helmingur allra seldra Volvo bíla hreinir rafmagnsbílar og hinn helmingurinn rafmagnaður að einhverju leyti. Volvo hefur undanfarið verið vinsælasti lúxusbíllinn á Íslandi og um 80% af sölu Volvo hér á landi eru vistvænir tengiltvinnbílar. Með tilkomu Volvo XC40 T5 PHEV með mikla drægni á rafmagni og á hagstæðu verði mun þetta hlutfall líklega aukast enn frekar. Í Volvo XC40 T5 PHEV er nægt rafmagn til


Volvo hefur undanfarin ár verið vinsælasti lúxusbíllinn á Íslandi.

46 km aksturs sem nægir oftast nær fyrir allan akstur í daglegu amstri. Engar áhyggjur þarf að hafa af rafmagnsleysi á lengri ferðum eða hvort hleðslustöðvar séu á leiðinni jafnvel þó ferðavagninn sé tekinn með, en dráttargeta Volvo XC40 T5 PHEV er 1.800 kíló.


Nýr Volkswagen
Passat GTE
Verð frá
5.390.000,-
Passat GTE
*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði. Sjá staðalbúnað á volkswagen.is.
Rafmagn, bensín og hrein skemmtun
Nýr Passat GTE er jafnvígur á rafmagn og bensín. Hann sameinar kosti rafmagnsbíla og bíla sem komast langar vegalengdir, sem gerir hann að einum skilvirkasta bíl sem völ er á í flokki millistórra bíla. Samkvæmt WLTP kemst hann allt að 56 km á raforkunni einni saman og þú kemst flestra þinna ferða án útblásturs, en í langferðum tekur sparneytin bensínvélin við. Láttu framtíðina rætast og skiptu yfir í Passat GTE.
www.hekla.is/volkswagensalur
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · BVA Egilsstöðum

KOSTIR OG GALLAR

**MERCEDES-BENZ B-CLASS**

- 1,33 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 163 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,4 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 124 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 8,5 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 190 km/klst.
**Verð frá:** 5.450.000 kr.
**Umboð:** Askja

Kostir:
- Innanrými
- Útsýni
- Búnaður
- Akstur

Gallar:
- Ytra útlit
- Dýr í flottustu útfærslu

# Kynslóðarbetrungur

Ný kynslóð B-Class er mætt til leiks með nýjar vélar, meira pláss, meiri tækni, betri aksturshæfni og miklu flottara innanrými. Þessi „people mover“ frá Benz hefur selst í 1,5 milljónum eintaka frá 2005.












Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Einn af þeim bílum Mercedes-Benz, sem eiginlega hafa siglt undir radarnum og fá sjaldan jafn mikla athygli og stærri og öflugri gerðir Mercedes-Benz bíla, er B-Class og nú er hann kominn af nýrri kynslóð. Mercedes hefur tekist að selja 1,5 milljónir B-Class bíla frá árinu 2005 og það á sannarlega ekki við margar umtalaðri gerðir Mercedes-Benz bíla. Með B-Class fer bíll þar sem fyrst og fremst er hugað að þörfum ökumanns og farþega og gæti hann flokkast sem „people mover“, eða fjölskyldubíll upp á hið ylhýra. Bíllinn lætur ekki mikið yfir sér að utanverðu en öðru gegnir þegar inn í hann er komið. Kaupendur Mercedes-Benz bíla gera kröfu um íburð og að mjög vel fari um alla í bílum þeirra og það er sannarlega uppfyllt í þessum bíl. Hann er troðinn nýjustu tækni, er ferlega flottur að innan og svínvirkar fyrir þá sem kjósa sér bíl sem öskrar ekki á athygli vegna ytra útlits.

## Dugleg lítil vél

Kaupendur svona bíla gera ekki kröfur um ofurafl og það er heldur ekki til staðar, en í reynsluakstursbílnum var 163 hestafla bensínvél sem merkilegt nokk næst út úr aðeins 1,33 lítra sprengirými. Þarna fer lipur vél, en bíllinn telst seint aflmikill með henni. Hann er þó ekki meira en 8,5 sekúndur að taka sprettinn í hundraðið og það er hreinlega mikil skemmtun að botna hann og finna hve dugleg þessi litla vél er. Hægt er að fá B-Class líka með dísilvél og fer þar ódýrasta útgáfa hans á 5.450.000 kr. en 5.770.000 kr. með bensínvélinni. Í báðum tilvikum er 7 gíra tveggja kúplinga DCT-sjálfskipting tengd við og virkar hún vel. Í febrúar á næsta ári mun svo bætast við tengiltvinnútgáfa B-Class með um 70 km drægni á rafmagninu einu saman. Mikil breyting hefur orðið á vélarúrvali í B-Class með nýrri kynslóð.

## Vel stillt fjöðrun

Akstur B-Class er hinn ánægjulegasti en þó má ekki gera á hann jafnstóra kröfu og bíla Mercedes-Benz sem liggja neðar á vegi og eru ekki eins uppbyggðir og þessi bíll. En sannarlega er hann lipur í borgarumferðinni og Benz hefur virkilega vel tekist upp í að stilla fjöðrunarkerfi bílsins. Ökumaður finnur lítið fyrir ójöfnum, allar hinar hörmulegu hraðahindranir bæjarins verða eins og lömb að leika sér við og vel má leggja hressilega á bílinn fyrir hornin. Það gætir aðeins undirstýringar við mikið álag, en það er ekkert sem kemur á óvart fyrir svona bíl. Hann á því nokkuð í land gegn C- og E-Class bílum Benz í aksturshæfni, en hver átti von á öðru? Ekki er mikið veghljóð í bílnum en þó meira vindhljóð en vænta mátti með tilliti til lágrar 0,24 Cd loftmótstöðu bílsins. Einn meginkostur bíla eins og B-Class hlýtur að teljast hve hátt ökumaður situr í bílnum. Fyrir vikið er afar þægilegt að setjast inn í og fara út úr bílnum, svo ekki sé talað um betra útsýni, en rúðuskipan og lítill A-póstur gerir útsýnið úr bílnum einkar gott. Þessir þættir geta vafalaust skýrt að miklum hluta helsta kaupendahóp B-Class, þ.e. fólk af rosknara tagi sem kýs háa sætisstöðu og hefur efni á vönduðum lúxusbíl.

## Sláandi flottur að innan

